EGGERT
NÝTT
4 LITIR

METSÖLUSÓFINN FRÁ **IDdesign**

ÓTRÚLEGT
VERÐ
IDdesign

Verð og vörupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

EGGERT 3ja sæta sófi
Stærð: 186x84 H: 83 cm
Slitsterkt áklæði í fjórum litum,
ljós- og dökkgrátt, dökkblátt og
limegrænn. Viðarlappir.

79.990

FULLT VERÐ: 99.990

EGGERT stóll
Stærð: 82x84
H: 83 cm.
4 litir.

54.990

FULLT VERÐ: 69.990

HÚSGÖGN FYRIR LIFANDI HEIMILI

UMBRIA HORNSÓFI MEÐ TUNGU



369.990

FULLT VERÐ: 419.990

UMBRIA hornsófi með tungu.
Stærð: 326x261 H: 78 cm.
Slitsterkt áklæði.

CAMEO HORNSÓFI MEÐ TUNGU



279.990

FULLT VERÐ: 329.990

CAMEO hornsófi með tungu.
Stærð: 298x230x160 H: 89 cm.
Slitsterkt grátt áklæði

PETITO 3JA SÆTA SÓFI



99.990

FULLT VERÐ: 119.990

219.990

FULLT VERÐ: 259.990

PETITO 3ja sæta sófi. Stærð: 200x102 H: 82. Slitsterkt áklæði. Dúntoppur.

URBAN LIVING 2,5 SÆTA SÓFI



URBAN LIVING 2,5ja sæta sófi. Stærð: 202x88 H: 84. Slitsterkt áklæði.

f furninova

LONDON
3JA SÆTA SÓFI

209.990

FULLT VERÐ: 239.990

LONDON 3ja sæta sófi.
Stærð: 210x90 H: 80 cm
Slitsterkt áklæði. Dúntoppur.



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK · NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti


Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Herra
Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

nýtt kortatímabil

VISA



Troðfull
verslun af merkjavöru!

**50-
80%**

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...



„Að rústa háskólastofnun“ – og samfélagi

Í Fréttablaðinu hinn 27. ágúst 2014 er grein eftir Ólaf Arnalds sem ber yfirskriftina „Að rústa háskólastofnun“. Í greininni fjallar Ólafur um það ástand sem skapast hefur við Landbúnaðarháskóla Íslands eftir þær hremmingar sem lagðar hafa verið á hann (og á samfélagið á Hvanneyri). Hann lýsir áhyggjum vegna stöðu LbhÍ, eins og heimamenn í héraði og fleiri hafa gert. Ég þekki hins vegar ekki marga sem eru sammála Ólafi í því að þetta sé afleiðing af því að heimamenn höfnuðu sameiningu við HÍ, ekki vegna andstöðu við að vera hluti af Háskóla Íslands, að mínu viti, heldur vegna þess að það átti að rústa samfélaginu á Hvanneyri og rústa þessari gömlu menntastofnun.

Á Hvanneyri hefur verið starfandi menntastofnun á háskólastigi frá 1947. Var lengi vel eina stofnunin utan HÍ sem veitti menntun á háskólastigi. Frá 2005 hefur skólinn starfað undir heitinu Landbúnaðarháskóli Íslands.

Menntun kandiata frá 1947

Allt frá stofnun Framhaldsdeildarinnar á Hvanneyri 1947 hefur þar verið gott samfélag vísinda og mannlífs, Campus-samfélag. Þar hafa lifað saman nemendur Bændaskólans, stúdentar í búvísindanámi, kennarar í búvísindum með kandiats-, masters- og doktorsgráðu í búvísindum, búvísindamenn með rannsóknir og kennslu að ævistarfi og aðrir samfélagsþegnar.

Ólafur telur að það hafi verið stefna stjórnvalda í langan tíma að fækka háskólum. Þetta er ekki rétt, enda ekki langt síðan HA, Bifröst og HVANNEYRI og Háskólinn á Hólum voru stofnaðir. Núverandi menntamálaráðherra setti fram þá tillögu að sameina HÍ og LbhÍ en sú tillaga mætti mikilli andstöðu, ekki bara sjálfskipaðra „velunnara“ Hvanneyrar og LbhÍ, eins og Ólafur heldur fram, heldur einnig íbúa Hvanneyrar, allra sveitarstjórnarmanna í Borgarbyggð og allra alþingismanna Norðvesturkjördæmis. Það er því æði mikill hroki að halda því fram að um sé að ræða „sjálfskipaðan hóp velunnara“ LbhÍ og Hvanneyrar. Reyndar nefnir Ólafur aldrei samfélagið á Hvanneyri og þann vanda sem íbúar Hvanneyrar eru settir í með þeirri stefnu sem nú er framfylgt, að svelta LbhÍ og íbúa Hvanneyrar til hlýðni. Það virðist vera stefna embættismanna og forstjóra stofnana ríkisins að skera niður alla starfsemi, sem ekki er í Reykjavík. Þó er það yfirlýst stefna núverandi ríkisstjórnar að efla starfsemi ríkisins utan höfuðborgarinnar. Það virðist þó ekki hafa verið stefna stjórnenda LbhÍ að undanfögnu.

Samfélagsleg ábyrgð

Það er líka vanvirðing við íbúa Hvanneyrar, um 300 manns, að halda því fram að málið snúist bara um LbhÍ. Það snýst líka um íbúa þess samfélags sem er á Hvanneyri. Það er til fleira fólk í þessu landi en akademíkerar, þó þeir séu mikilvægir í starfsemi háskóla og í nútíma samfélagi og atvinnulífi, en við háskóla starfar líka annað fólk og hefur atvinnu af háskólastarfsemi. Ólafur nefnir að „örskóli“ í þágu einnar atvinnugreinar geti aldrei staðið undir nafni sem háskóli. Varla er það þó til að bæta stöðu þessa „örskóla“ að stofna annan, enn meiri „örskóla“, sem mér skilst að sé verið að koma á fót á Keldnaholti. LbhÍ hefur hasl-að sér völl á fleiri sviðum en

MENNTUN



Sveinn Hallgrímsson
dr. scient.,
fv. skólastjóri
Bændaskólans á
Hvanneyri

bara almennum landbúnaði. Hér hefur t.d. verið kennsla í umhverfisfræðum- og skipulagsfræðum, almennum náttúruvísindum, skógrækt og fleiru sem fellur vel að landbúnaði og landnýtingu.

Regnhlífarháskóli

Í tillögum menntamálaráðherra og í þeim greinargerðum sem ég hef séð hefur ekki komið fram að sameining HÍ

og LbhÍ leiði til sparnaðar í rekstri. Það er því ekki ástæða fyrirhugaðrar sameiningar, né lausn á rekstrarvanda LbhÍ. Ég hef verið talsmaður þess að farin verði önnur leið en sameining. Farin verði sú leið að gera HÍ að regnhlíf og að svið HÍ verði sjálfstæðir háskólar. LbhÍ gæti orðið einn háskólinn undir regnhlífinni. Með þessu skipulagi myndi HÍ njóta þeirra vísindaritgerða sem starfsmenn LbhÍ skrifa og stuðla að því að HÍ þokist upp virðingarlista sem vísinda- og kennslu-

stofnun. Ég set fram þessa tillögu, en skilyrði þess er að hver skóli verði algjörlega sjálfstæð eining, rekstrarlega og stjórnskipulega. Dr. Björn S. Stefánsson hefur talað fyrir álíka hugmynd í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið 11.6. sl. Ég tek undir þessi orð Björns, nema ég vil ekki að LbhÍ fari undir hatt HÍ, nema hann njóti algers frelsis, bæði fjárhagslega og stjórnnunarlega.

Reynslan sýnir að stóri bróðir gleypir þann litla, nema sjálfstæði sé tryggt.

→ Það virðist vera stefna embættismanna og forstjóra stofnana ríkisins að skera niður alla starfsemi, sem ekki er í Reykjavík. Þó er það yfirlýst stefna núverandi ríkisstjórnar að efla starfsemi ríkisins utan höfuðborgarinnar.

skattur.is

Til forráðamanna hlutafélaga,
einkahlutafélaga og annarra skattskyldra
lögaðila um skil á skattframtali 2014

Framtalsfrestur lögaðila er liðinn

Álagning opinberra gjalda 2014
á lögaðila vegna rekstrarársins 2013
fer fram í október nk.



Forráðamenn lögaðila, sem enn hafa ekki staðið skil á skattframtali 2014 ásamt ársreikningi, eru hvattir til að annast skil hið allra fyrsta.

Skráður lögaðili skal ætíð skila skattframtali vegna undangengins reikningsárs þrátt fyrir að engin eiginleg starfsemi eða rekstur hafi átt sér stað á reikningsárinu.

Félög eiga jafnframt að skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Skattframtali og ársreikningi er unnt að skila rafrænt á skattur.is.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

✉
rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á rsk.is

HELGIN



Frosti Logason útvarpsmaður

Tónleikar og messa

„Ég ætla klárlega að fara á tónleika Kontinuum á Gauknum á laugardagskvöld. Það er hljómsveit sem maður mun klárlega fylgjast mjög vel með í framtíðinni. Sunnudaginn byrja ég á bróns í Stúdentakjallaranum og fer svo beint í messu að taka inn orð Guðs fyrir vikuna.“



Snorri Helgason tónlistarmaður

Tónleikar og stúdíó

„Ég eyði deginum í dag í hljóðprufur og undirbúning fyrir tónleika mína og trommuleikarans Magnúsar Trygvasonar Elíassen í Mengi í kvöld. Eftir þá fer ég beint á Húrra og horfi á FM Belfast.“



Manuela Ósk Harðardóttir fatahönnunarnemi

Prinsessukökur og afmæli

„Ég er að fara baka fyrir barna-afmæli hjá dóttur vinkonu minnar. Svo kíki ég í haustpartí hjá Suit á Skólavörðustíg. Á morgun heldur mamma mín upp á afmælið sitt og helgin endar því á veislumat.“



Kolfinna Nikulásdóttir Reykjavíkurdóttir

Prefaldur spinningtími og stefnumót

„Ég byrja helgina í World Class og fer svo á Hamskiptin í kvöld. Eftir leikhús drekk ég Virgin cocktails á B5. Um kvöldið fer ég á stefnumót með sunnudagskærasta mínum.“

SIGRÍÐUR THORLACIUS RAGNHEIÐUR GRÖNDAL FRIDRIK ÓMAR MAGNI ÁSGEIRSSON SIGGA BEINTEINS

ELDBORG FÖSTUDAGINN 31. OKTÓBER

RUMOURS

TIL HEIBURS

FLEETWOOD MAC

MEISTARAVEFJÓRUMOURS Í HEILD SINNI OG ÖLL BESTU LÖGIN AÐ AUKI

DON'T STOP - DREAMS - GO YOUR OWN WAY - SONGBOOK - SECOND HAND NEWS - LITTLE LIES - ALBATROSS - BLACK MAGIC WOMAN - EVERYWHERE - SEVEN WONDERS - GYPSY - BIG LOVE - TUSK - RHIANNON OG FLERI

MÍBASALA Á MÍÐI.IS OG HARPA.IS
OG Í MÍBASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050

EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI

Fertugur með kúl ungu strákunum

Veggmynd eftir Ragnar Kjartansson vígð í Breiðholti. Vann verkið með Skiltamálun Reykjavíkur. Ragnar lýsir verkinu sem ljóðrænum myndasögum.

Þórður Ingi Jónsson
thordur@frettabladid.is

Mér finnst svo frábært framtak hvernig ásýnd hverfisins breytist með myndlist,“ segir listamaðurinn Ragnar Kjartansson en Listasafn Reykjavíkur býður til formlegrar vígslu á veggmynd hans í dag kl. 14.00 að Krummahólum í Breiðholti. „Maður getur rétt ímyndað sér hvað endurskipulagning og ný torg myndu kosta, miðað við hvað þetta er sterkt, einfalt og gerir mikið. Hin verkin finnst mér mjög sterk, ég veit ekki með mitt verk reyndar,“ segir Ragnar en borgarráð ákvað í fyrra að fjölga opinberum listaverkum í Breiðholti. Þar má því finna verk eftir Erró, Theresu Hímmar og Söru Riel á húsveggjum víðs vegar um hverfið, auk minni veggmynda eftir ungmenni úr Miðbergi.

Að sögn Ragnars er myndin hans upprunalega jólakort til kærustunnar en hann sendi hana inn þegar borgarráð bað um tillögu frá honum. „Ég hef eiginlega aldrei sýnt svona myndir eftir mig opinberlega, ég hef verið að gera þetta mér til skemmtunar síðan ég man eftir mér. Þetta eru eins konar ljóðrænar myndasögur, ég nota myndasöguformið en þetta er ekki beint brandari, þetta eru bara svona melankólískar aðstæður,“ segir Ragnar. „Þetta orð „frískandi“ í myndinni er líka svo lúðalegt en samt svo gott orð. Mér finnst það svo skemmtilega aukmánuvert. Síðan var þessi mynd birt í einhverri útgáfu í Bandaríkjunum og þá þýddist þetta ofsalega illa.“

Ragnar vann verkið í samstarfi



KÚL STRÁKAR
Ragnar segir að myndlist breyti mjög ásýnd hverfisins.

við Skiltamálun Reykjavíkur. „Ég var þarna til að læra af þeim, þeir eru svo geðveikt góðir,“ segir Ragnar en mynd hans er vatnslitamynd sem Skiltamálun stækkaði upp fyrir húsvegginn. „Ég er svo mikill amatör í svona málum og það er ákveðin kúnt að gera þetta. Þetta hefði verið stórslys ef ég hefði verið látinn sjá um þetta. Mér finnst líka alveg eins og ég sé að reyna að vera „fönki“ fertugi listamaðurinn að vinna með kúl ungu strákunum.“

-þj

„Ég hef eiginlega aldrei sýnt svona myndir eftir mig opinberlega, ég hef verið að gera þetta mér til skemmtunar síðan ég man eftir mér. Þetta eru eins konar ljóðrænar myndasögur.“

Ragnar Kjartansson myndlistarmaður.

Fyrir káta krakka

3 fyrir 2

4 sagan komin

Krakkar!
Hlustið á ævintýrin um Stjörnuborn á heimasíðu okkar www.lindesign.is

Lin DESIGN

Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á HJÓLAKEPPNINA KexReið 2014 sem haldin er af

Kexi Hosteli og Kría Cycles. Keppendur verða ræstir kl. 17 í dag við Vítagarð. Hjólaleiðin er 30 kílómetrar og liggur brautin um Skúlagötu og Hverfisgötu. Einhverjar lokanir verða á þessum götum sökum keppinnar.



Á SÆNSKA DANSTÓNLISTAR-DÚÓIÐ

ICONA POP, sem samanstendur af þeim Caroline Hjelt og Aino Jawo. Lögin I Love It og We Got the World koma manni svo í helgarskap.



BÓKINA KJAFIÐ AÐ UM KYNLÍF eftir Sigríði Dögg.

Handbók sem leggur foreldrum og þeim sem starfa náið með börnum og unglungum til verkfæri til þess að kjafta um kynlífið á opinskáan og áreynslulausan hátt.



Á SJÓNVARPSPÁTTINN NEYÐARLÍNUNA

sem hefur göngu sína á Stöð 2 á morgun kl. 20 og er í umsjón Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur.

VERTU NAGLI BJARGAÐU LÍFI

Við missum einn í hverri viku

Ristilkrabbamein er eitt af algengustu tegundum krabbameins á Íslandi. Á hverju ári deyja 52 úr krabbameini í ristli og endaparmi, að meðaltali einn á viku, karlar og konur á öllum stigum þjóðfélagsins.

Engu að síður er einfalt að koma í veg fyrir æxlismyndun í ristli með reglubundinni skimun og speglun hjá einstaklingum yfir fimmtugt. Þegar þú kaupir Bláa naglann eflirðu forvarnir og styrkir nauðsynlegar rannsóknir á ristilkrabbameini.

Tökum vel á móti sölufólki Bláa naglans dagana 18. til 21. september.

Með forvörnum og speglun fækkum við dauðsföllum af völdum ristilkrabbameins um allt að

80%



188

kr. stk.

Freyju próteinstangir, 4 teg., 44 g



219

kr. pk.

Acti Mix, 5 teg.



FYRST OG FREMST ÓDÝR!

Dugar í 20-30 grauta



1998

kr. pk.

Badia Chiafræ, 624 g

27%
afsláttur

Holl máltíð á 5 mínútum



399

kr. pk.

Verð áður ~~549~~ kr. pk.
Kitchen Joy Thai Cube austurlenskir réttir



23%
afsláttur

2999 kr. stk.

Verð áður ~~3898~~ kr. stk.
Amino orkudrykkjarduft,
7 góðar bragðtegundir, 270 g



25%
afsláttur

Af öllum vítamínunum
og bætiiefnum
- frá Gula miðanum



30%
afsláttur

12
í pk.




948 kr. kippan

Verð áður ~~1356~~ kr. kippan
Toppur létt kolsýrður eða með
sítrónu, 12 x 0,5 lítrar í pk.

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

60% AF VÖKUTÍMA SITJANDI

Heilbrigður einstaklingur eyðir meirihluta sólarhringsins sitjandi



ÓDÝRAR OG EINFALDAR LEIÐIR TIL AÐ BÚA TIL STANDANDI SKRIFBORÐ

- 1 Hægt er að stafla kössum, bóköm eða öðru nærtæku ofan á skrifborðið sitt og setja tölvuna ofan á.
- 2 Hægt er að kaupa staka, djúpa hillu í IKEA og hengja upp á vegg, í réttri hæð.
- 3 Ef þú átt bókahillu, sem er til þess fallin, er hægt að losa allt úr einni hillu og nota sem skrifborð.

Við sitjum alltof mikið og lengi

Hingað til hafa sérfræðingar sagt að regluleg hreyfing sé nóg til að viðhalda góðri heilsu. Nýjar rannsóknir sýna að svo er ekki. **Pví lengur sem þú situr, því verri verður heilsan.** Þó að þú hreyfir þig reglulega og sért í góðu formi, því regluleg hreyfing dugir hreinlega ekki til. Ef þú vinnur við tölvu og þarft að eyða þar mörgum stundum, taktu þá hlé reglulega, gakktu um, náðu í blöð í prentarann og heilsaðu upp á samstarfsfólkið. Kyrrseta eykur líkur á hjartasjúkdómum, sykursýki og jafnvel krabbameini. Það hægist á líkamsstarfsemi og dregur úr virkni vöðva. Kyrrsetan getur jafnvel ýtt undir þunglyndi.

Rannsóknir sýna að það að sitja of lengi eða almennt hreyfingarleysi eykur hættuna á að fá hjarta- og æðasjúkdóma. Þá aukast líkur á offituvanda og þar með sykursýki hjá þeim sem eiga slíkt á hættu út frá ofþyngd og erfðum. Líkurnar á að þróa með sér krabbamein eru eins og með alla aðra sjúkdóma mikið háð erfðum, umhverfisþáttum sem og lífsstíl hvers og eins. Það má því segja að sá sem hefur áhættuþætti fyrir því að þróa með sér sjúkdóm geti aukið líkurnar með kyrrsetu.

Brjóst- og ristilkrabbamein
Við getum tekið ristilkrabbamein sem dæmi. Rætt hefur verið um að tregða og erfðleikar við hægðir geti verið einn af þeim þáttum sem ýti undir ristilkrabbamein. Við vitum í dag að hreyfing er nauðsynleg sem partur af eðlilegri starfsemi ristilsins. Þau krabbamein sem hafa verið helst tengd við kyrrsetu eru brjóst- og ristilmein, en einnig hefur verið bent á lungna- og blöðruháls-

kirtilsmeið sem eru öll með þeim algengustu sem við sjáum í dag. Ýmsir hafa reynt að skilja hvernig þessu er háttað og er það ekki fyllilega vitað ennþá og spila líklega margir þættir inn í þessa jöfnu. Þó treystu menn sér til þess að nefna tölur í Bandaríkjunum um það hversu mörg meini væri hægt að koma í veg fyrir og voru það hundruð þúsunda með því einu saman að auka hreyfingu. Þá er helst verið að tala um stutta reglubundna hreyfingu, jafnvel bara 1-2 mínútur á hverjum klukkutíma, það hefur jákvæð áhrif á mittismál, insúlínviðnám og lækkar bólgusvar sem eru allt hlutir sem skipta máli við þróun sjúkdóma.

Eykur fjarveru frá vinnu
Í mínu starfi sem læknir koma óneitanlega svona mál inn á borð til mín. Það sem við sjáum einna helst er að töluvert er um bólgur í herðum og hálsi við skrifstofuvinnu og almenna spennu, vöðvaþöngu og stöðkerfisverki. Þreyta og einbeitingarleysi er einnig þekkt og þá aukin streita. Þessu getur fylgt hækkaður blóðþrýstingur, verri stjórnun efnaskipta og þar með blóðsykurs en einnig kvíði. Þá má ekki gleyma áhrifum á ónæmiskerfið með aukinni tíðni á pestum og smávægilegum veikindum sem auka fjarveru frá vinnu.

Það sem við gerum er að fá fólk til að vera meðvitað um hreyfingu sína, gera hléæfingar, standa reglubundið upp frá skrifborði og ganga um, vinna standandi sé það mögulegt við hækkanleg skrifborð sem ættu að vera staðlaður búnaður á skrifstofum. Við höfum aðstoðað við að stilla stóla, borð og vinnustöðvar til að draga úr líkum á stöðkerfisvanda. Fræðsla og námskeið um líkamsbeitingu, en einnig heilsufarsmat getur skipt máli til að ná athygli einstaklingsins um þessi mál.

Taktu stigann
Það er einnig til hugbúnaður sem hvetur fólk sem situr við skjái til að standa á fætur reglubundið. Gott er að hafa prentara í fjarlægð frá vinnustöð, fundir ættu að fara fram utandyra, jafnvel sem göngutúr eða hreinlega standandi í rými þar sem ekki eru stólar




EEKKI SITJA LENGI Teitur Guðmundsson hvetur fólk til að standa upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og hafa þá stutta en markvissa. Mikilvægt er að ýta undir heilsusamlegra lífni og hvetja starfsmenn til hreyfingar reglubundið, til dæmis með því að taka stigann í staðinn fyrir lyftuna, sameiginlegar æfingar, ýta undir að fólk hjóli til vinnu eða gangi, veita samgöngustyrki þeim sem geta

nýtt sér almenningssamgöngur og þar fram eftir götunum. Í stuttu máli þarf að fá fólk til að standa upp og hreyfa sig sem oftast til viðbótar við þá reglubundna hreyfingu sem einstaklingar fá í sínum frítíma. Það eykur þrótt og vellíðan og kemur líklega í veg fyrir þróun sjúkdóma.

TÍMAMÓTAVERK

Skyldueign fyrir alla Íslendinga!





Glæsilegt yfirlitsrit eftir Snorra Baldursson sem veitir almenningi lifandi yfirsýn yfir fjölbreytt og magnað lífríki Íslands.

Fjallað er um allar tegundir gróðurs og dýralífs á og við Ísland, frá hinu smæsta til hins stærsta.

Forlagið | Opna



HVERNIG VERJA ÍSLENDINGAR FRÍTÍMA SÍNUM?



■ Lestur, sjónvarpsáhorf eða önnur kyrrseta. ■ Ganga, hjólréiðar eða önnur tegund af léttri áreynslu í a.m.k. fjórar klst. á viku. ■ Þátttaka í íþróttum í tómstundum, erfiðri garðyrkju og sambærilegu þar sem tímalengd hreyfingar er a.m.k. fjórar klst. á viku. ■ Þátttaka í erfiðri þjálfun eða íþróttakeppni, reglulega nokkrum sinnum í viku.



TEYGÐU ÚR PÉR Mikilvægt er að standa reglulega upp frá skrifborðinu sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

Margt líkt með reykingum og kyrrsetu



Sigrún Vala Björnsdóttir stoðkerfisjúkraþjálfari og lektor við Háskóla Íslands.

Reykingar og kyrrsetu-
hegðun eiga það sameiginlegt að vera spurning um lífsstíl. Rannsóknir sýna að hvort tveggja hefur neikvæð áhrif á heilsufar fólks og eykur líkur á ýmsum sjúkdómum og eykur dánartíðni. Þrátt fyrir að fólk stundi ráðlagt magn hreyfingar og lifi líkamlega virku lífi vegur sú hreyfing hvorki upp á móti neikvæðum afleiðingum kyrrsetuhegðunar né reykinga. Eina ráðið til að vinna á móti neikvæðum afleiðingum reykinga er að hætta að reykja. Eina ráðið til vinna á móti neikvæðum afleiðingum kyrrsetuhegðunar er að vera minna kyrr. Kyrrsetuhegðun er hugtak sem í raun nær yfir langtíma kyrrstöður almennt – að liggja, sitja, standa ... það að vera kyrr er neikvætt fyrir heilsuna.

Í starfi mínu sem sjúkraþjálfari hef ég mest unnið með fólk með þráláta verki. Margir eru með ýmsa sjúkdóma til viðbótar við verkin. Þeir geta í einhverjum tilfellum verið afleiðingar kyrrsetuhegðunar. Sem dæmi má nefna hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki II, ofþyngd eða offitit, þurud eða þunglyndi, kvíða, streitu, svefntruflanir og fleira.

- Ráðleggingar til fólks sem situr of mikið eru einfaldar: Hreyfa sig meira en sitja, liggja og standa minna. Það þarf ekki alltaf að vera flókið:**
- 1 Standa reglulega upp og teygja úr sér og gera sér ferðir innanhúss – fara og sækja vatnsglas – fara og tala við vinnufélagana – standa í kaffipásunni – nota stiga í stað lyftu og svo framvegis.
 - 2 Á meðan setið er má gera ýmislegt til að hreyfa liði og vöðva; spenna stóru vöðvana í kálfum, lærum og rassvöðvana og slaka á til skiptis, það má hreyfa ökkla með því að lyfta upp á tær nokkrum sinnum.
 - 3 Það er líka gott að hreyfa handleggji til dæmis með því að rétta úr liðum og spenna vöðva.
 - 4 Hryggurinn þarf líka að fá hreyfingu og því gott að vera svolítið á íði í sætinu. Það er líka gott að hlusta á líkamann, hann biður um að láta hreyfa sig og hann gerir það löngu áður en fólk fer að finna til.
 - 5 Auk þess að hreyfa sig meira meðan á kyrrsetu stendur þarf auðvitað að stunda reglubundna hreyfingu í formi einhvers konar líkamsræktar.

Ekki gott að sitja kyrr



Rakel Guðjónsdóttir útskrifaðist sem sjúkraþjálfari í vor en hún vann BS-ritgerð sína um kyrrsetu.

Ég var svolítið spennt að fá að skoða kyrrsetu út frá mennta- og háskóla-krökkum, sem gjarnan eru hvattir til að sitja kannski 10 til 12 klukkutíma við lestur yfir daginn, og hvaða áhrif svo langar kyrrsetur hefðu á líkamann. Ég fann lítið af rannsóknunum sem fjölluðu um tengsl reykinga og kyrrsetu en þó virtist vera að reykingar tengdust aukinni kyrrsetu í frítíma. Það er þó ekki búið að rannsaka kyrrsetu nærri því jafn mikið og reykingar, þar sem t.d. er hægt að segja nokkuð nákvæmlega til um hvaða lífeðlisfræðilegu ferlar fara í gang í líkamnum og hvaða áhrif þeir hafa. Síðustu 10-15 árin hefur rannsóknunum á þessu sviði fjölgað og komið í ljós að það að sitja kyrr

í langan tíma hefur áhrif á lífeðlisfræðilega ferla í líkamnum og að áhrifin eru oft neikvæð, óháð hreyfingu í frítíma. Það er því ekki gott fyrir okkur að sitja lengi kyrr. En einstaklingur getur verið að hreyfa sig rosalega mikið í frítíma, stundað mikla kyrrsetu í vinnu og einnig reykt. Öll þrjú atriðin hafa áhrif á starfsemi líkamans en á ólíka vegu. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir að hreyfing vegi upp á móti áhrifum kyrrsetu, ekkert frekar en áhrifum reykinga, þar sem ólíkir lífeðlisfræðilegir ferlar verða fyrir áhrifum í hvert sinn. En þversögnin í þessu öllu saman er auðvitað sú að reykingar hvetja þig til að standa upp,“ segir Rakel, þegar hún var beðin um að bera saman reykingar og kyrrsetu.

→ Íbúar höfuðborgarsvæðisins sitja mest

Hlutfall Íslendinga eftir landshlutum sem sögðust sitja 8 klukkustundir eða lengur á dag

Virka daga, vikuna áður, árið 2012



RÁÐ 1 PRÓFAÐU UPPHÆKKAÐ SKRIFBORD. HÆGT ER AÐ KAUPA PAU VÍÐA, EN EINNIG ER HÆGT AÐ BÚA TIL SITT EIGIÐ.

RÁÐ 2 STATTU UPP OG LABBAÐU EINN HRING Á SKRIFSTOFUNNI Á KLUKKUTÍMA FRESTI.

RÁÐ 3 EF ÞÚ TEKUR STRÆTÓ Í VINNUNA, STATTU Í STAÐ ÞESS AÐ SITJA.

RÁÐ 4 FORÐASTU AÐ HAFU HJÓL UNDIR SKRIFBORDSSTÓLNUM SVO ÞÚ PURFIR ALLTAF AÐ STANDA UPP.

RÁÐ 5 FARÐU Í GÖNGUTÚR Í HÁDEGISHLÉINU.

HLUTFALL ÍSLENDINGA SEM VERJA 8 KLUKKUSTUNDUM Eða MEIRA SITJANDI ALLA VIRKA DAGA

1-1 KLST. Á DAG	1 KLST. Á DAG	2-3 KLST. Á DAG	4-5 KLST. Á DAG	6-7 KLST. Á DAG	8-10 KLST. Á DAG	11-13 KLST. Á DAG	14-16 KLST. Á DAG	16+ KLST. Á DAG
0,7%	2,3%	19,4%	24,5%	19,2%	19,7%	9,5%	2,8%	1,8%
0,5%	1,5%	15,2%	24,8%	21,1%	23,6%	10,1%	1,9%	1,3%

STÓRSÝNING



Laugardaginn 20. september
kl. 11 til 16



Komið og skoðið götuskráða Hilux AT44 6X6
aður en þeir leggja í ann á Suðurláttinn

Dick
CEPEK
TIRES & WHEELS

Amerísk
JEPPEDEKK
í mörgum
stærðum



15%
afsláttur
af öllum dekkjum
á sýningar-
daginn

Bjóðum 6 mánaða
VAXTALAUS
kreditkortalán
til dekkjakaupa



ISUZU D-MAX AT35



TOYOTA LC150 AT35

Arctic Trucks í samstarfi við Nokian kynna
nýtt byltingarkennt **35" VETRARDEKK**
með framúrskarandi gripi,
frábærri endingu og stöðugleika



1600 hestafla tryllitækið
KATLA TURBO TRÖLL
verður á planinu!



Kletthálsi 3
110 Reykjavík
Sími 540 4900

www.arctictrucks.is



LÍTIL ENDURNÝJUN Í HÓPI HEIMILISLÆKNA



10 PÚSUND

að minnsta kosti eru án heimilislæknis á höfuðborgarsvæðinu.

30-40
heimilislæknar eru á aldrinum 35-45 ára.

29%
heimilislækna verða sjötugir á næstu tíu árum.

83
heimilislæknar á höfuðborgarsvæðinu ættu að vera 136

54,1 ár
er meðalaldur heimilislækna.

4
heimilislæknar að meðaltali hafa út-skrifast á ári.

70
heimilislæknar eru á aldrinum 46-65 ára.

40
heimilislækna vantar til starfa á landsbyggðinni.

40
unglæknar í sérnámi í heimilislækningum.

10-17
heimilislækna þyrfti að útskrifa á ári.

45 ár
er meðalaldur heimilislækna sem hætta störfum.

Það eru mannréttindi að hafa heimilis

Tugi heimilislækna vantar til starfa hér á landi og er nýliðun í stéttinni lítil. Margir heimilislæknar ákveða að hætta störfum langt fyrir ingar telja að ef fjölga eigi læknum þurfi að bæta kjör þeirra. Ráðherra vill fjölga í hópi sjálfstætt starfandi heimilislækna og efla heilsu-

Jóhanna Margrét Einarsdóttir
johanna@frettabladid.is



Það vantar um 50 heilsugæslulækna til starfa á höfuðborgarsvæðinu og það vantar um 40 á landsbyggðina. Þetta er niðurstaðan ef reiknað er með að hver læknir sinni að meðaltali um 1.500 sjúklingum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúklingatalan er víða lægri úti á landsbyggðinni, eða um 800 á hvern lækni í lækniheruðum sem eru fjarri sjúkrahúsum og annarri stoðþjónustu.

Nýliðun í hópi heimilislækna er hins vegar lítil, undanfarin ár hafa fjórir bæst í hópinn á ári. Í haust útskrifast þó átta sérfræðingar í heimilislækningum en það er ekki nóg að mati sérfræðinga.

Að lágmarki þyrfti að útskrifa 10 lækna á ári. Fleiri, ef á að nást að fylla upp í götin og halda í við fjölgun þjóðarinnar. Menn telja því að þörfin geti verið allt að 17 nýir heimilislæknar á ári.

Önnur athyglisverð staðreynd er að stjórnvöld vita ekki hversu margir íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru án heimilislækna. Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuð-

borgarinnar, segir að heilsugæslan sé í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að fara í gegnum skráningar, því það geti verið að sumir séu tvískráðir. „En það gætu verið um 10 þúsund manns sem eru án heimilislækna“, segir Svanhvít. Aðrir nefna hærri tölur yfir þá sem vantar heimilislækni.

Ekki nýtt vandamál


Skortur á heilsugæslulæknum er síður en svo nýtt fyrirbæri, árum saman hefur verið heimilislækna-skortur og úrbætur hafa staðið fyrir dyrum. Það hefur hins vegar lítið áunnist þó nær allir stjórnmalaflokkar hafi haft það á stefnuskrá sinni árum saman að efla heilsugæsluna með einhverjum hætti, líkt og endurspeglast í þessum orðum Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra.

„Það er afar brýnt að efla heilsugæsluna og tryggja stöðu hennar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga. Við þurfum að bæta aðgang að heimilislækningum. Þá er í undirbúningi að fjölga námsstöðum í heimilislækningum en þær eru í dag í kringum 30 talsins.“ Ráðherra segir jafnframt að hann ætli að efla heilsugæsluna þannig að allir hafi fastan heimilislækni.

Að óbreyttu eru litlar líkur á að



**ÁRSKORT Á 35.990.-
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND**
SÍÐASTI TILBOÐS DAGUR Í DAG!



Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.gymheilsa.is

úr rættist á næstu árum að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu því að í könnun sem var gerð á meðal þeirra fjörutíu unglækna sem nú stunda sérnám í heimilislækningum eru einungis tíu, eða 25 prósent, sem vilja starfa við heilsugæslu höfuðborgarinnar.

Stéttin eldist og útlönd heilla

Skorturinn á heimilislæknum er líka tilkominn vegna þess að stéttin er að eldast en aðrir þættir hafa einnig áhrif.

„Tæplega 30 prósent heimilislækna verða sjötug á næstu tíu árum og hætta þá störfum. Á sama tímabili ná 60 prósent þeirra 65 ára aldri. Margir kjósa að hætta fyrir sjötugt. Menn eiga séreignarsparnað og það er auðvelt fyrir lækna sem hætta eru störfum að ná sér í tekjur með íhlaupavinnu. Þetta er meðal þess sem ýtir þeim út fyrir en þyrfti að vera,“ segir Gunnlaugur Sigurjónsson, heilsugæslulæknir í Árbæ.

Hann segir að nokkuð stór hópur heimilislækna hafi hætt störfum síðustu ár, meðalaldur þeirra sé 45 ár. Sumir hafi farið í önnur lækniastörf, til dæmis endurhæfingu, geðlækningar eða flutt til útlanda.

Heimilislækningar eru taldar eitt hagkvæmasta form lækniþjónustu. Heimsókn á heilsugæslustöð kostar margfalt minna en þegar veikt fólk

leitast eftir lækniastöð á sjúkrahúsum. Á síðasta ári er talið að um 13.000 manns, sem hefði verið hægt að sinna á heilsugæslustöðvum, hafi leitað til Landspítalans með tilheyrandi kostnaði fyrir sjúkrahúsið.

Persónulegt og náð samband

Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags heimilislækna, telur það til mannréttinda að fólk hafi heimilislækni sem það geti leitað til. Ein- hvern sem þekkir sögu þess enda sé oft og tíðum náð persónulegt samband milli sjúklings og læknis. „Kjarninn er samfellan í þjónustunni. Heimilislæknirinn er sérfræðingur í sjúklingnum, ekki bara einstökum líffærum, og á oft mun auðveldara með að greina einkenni og frávik en læknir sem ekki þekkir til viðkomandi,“ segir Þórarinn.

83 sérfræðingar í heimilislækningum starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarinnar en væri miðað við að flestir íbúar svæðisins væru með heimilislækni sem ynni hjá heilsugæslunni þyrfti heimilislæknarnir að vera 136, segir Svanhvít forstjóri.

Ástandið er þó ekki alveg eins slæmt og þessar tölur gefa til kynna því tvær sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar eru á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem hjá heilsugæslunni starfa sérfræðingar í öðrum greinum og kandidategar.

Það þarf fimm ára sérnám til að ljúka prófi í heimilislækningum. Heilbrigðisráðherra segir að kennsla í heimilislækningum sé á ábyrgð Háskóla Íslands.

„Ráðuneytið hefur leitast við að styðja alla þessa þætti, meðal annars með fjölgun á sérnámsstöðum á liðnum árum,“ segir Kristján Þór.

„Til þess að það sé hægt að fjölga námsstöðum í heimilislækningum þarf að efla heilsugæsluna og fjölga námsstöðum. Menn verða að sameinast um það markmið að allir hafi sinn heimilislækni,“ segir Emil Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum við Háskóla Íslands.

„Skorturinn á heimilislæknum er augljós. Til dæmis er alvarlegt ástand á heilsugæslunni í Mjódd og í Grafarvogi. Þegar það byrjar að molna undan heilsugæslustöðvunum gerist það mjög hratt. Þegar læknum fækkar verður vinnuálagið óhöflegt á þeim sem eftir eru, þeir geta ekki sinnt sjúklingunum eins vel og þeir vilja og sjúklingarnir upplifa það oft að þeir fái ekki jafn góða þjónustu og þeim finnst þeir eiga skilið,“ segir Emil og bætir við að á heilsugæslustöðvar þar sem svo hátti til sé erfitt að fá fólk til starfa.

Brýnt að bæta kjör

Að efla heilsugæsluna felur í sér að fjölga læknum en það felur líka í sér



„Við þurfum að bæta kjör heimilislækna. Við verðum að geta greitt samkeppnisfær laun við nágrannabjórinnar. Læknar eru fólk sem starfar á alþjóðamarkaði og á auðvelt með að fá vinnu hvar sem er í heiminum.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarinnar.



„Til þess að það sé hægt að fjölga námsstöðum í heimilislækningum þarf að efla heilsugæsluna og fjölga námsstöðum fyrir unglækna. Menn verða að sameinast um það markmið að allir hafi sinn heimilislækni.

Emil Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum við Háskóla Íslands.



„Kjarninn er samfellan í þjónustunni. Heimilislæknirinn er sérfræðingur í sjúklingnum, ekki bara einstökum líffærum, og á oft mun auðveldara með að greina einkenni og frávik en læknir sem ekki þekkir til viðkomandi.

Þórarinn Ingólfsson formaður Félags heimilislækna.



„Margir kjósa að hætta fyrir sjötugt. Menn eiga sér eignarsparnað og það er auðvelt fyrir lækna sem hættir eru störfum að ná sér í tekjur með íhlaupavinnu. Þetta er meðal þess sem ýtir þeim út fyrir en þyrfti að vera.

Gunnlaugur Sigurjónsson heilsugæslulæknir.



„Það er afar brýnt að efla heilsugæsluna og tryggja stöðu hennar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga. Við þurfum að bæta aðgang að heimilislækningum.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

lækni

r aldur fram. Sérfræðingæsluna til muna.



FÁIR HEIMILISLÆKNAR
Talið er að í það minnsta tíu þúsund manns vanti heimilislækni á höfuðborgarsvæðinu. Læknarnir eldast og fáir unglækna útskrifast sem sérfræðingar í heimilislækningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ad bæta aðstöðuna, það er að bæta tækjakostinn á heilsugæslunni. En það er fleira sem skiptir máli, segja þeir sem gleggst þekkja.

„Við þurfum að bæta kjör heimilislækna. Við verðum að geta greitt samkeppnisfær laun við nágrannabjórinnar. Læknar eru fólk sem starfar á alþjóðamarkaði og á auðvelt með að fá vinnu hvar sem er í heiminum,“ segir Svanhvít, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarinnar.

Rekstrarform heilsugæslunnar er annað sem menn nefna.

„Það þarf að gera mönnum kleift að reka sínar eigin stofur og skipuleggja starf sitt,“ segir Gunnlaugur heilsugæslulæknir og bætir við að læknar upplifi þvingun í starfsumhverfi sínu eins og það er í dag. Undir þetta taka aðrir en telja á sama tíma að ekki megi auka kostnaðarhlutdeild sjúklinganna.

Kristján Þór heilbrigðisráðherra segir að hann vilji hrinda þessu í framkvæmd. „Ég er þessa dagana meðal annars að undirbúa að gefa heimilislæknum tækifæri til að starfa sjálfstætt,“ segir ráðherra.

Það sem blasir við að óbreyttu er að lítið mun breytast á næstunni, skortur á heimilislæknum verður viðvarandi á næstu árum nema starfsaðstæður heimilislækna verði bættar, kjör þeirra sömuleiðis og þeir fái möguleika á að starfa sjálfstætt.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



Kísilhreinsun og sólarorkuvæðing heimsins: Er Ísland að komast á kortið?

Ráðstefna í Háskólanum í Reykjavík 26. september kl. 13:15 í stofu V101.

Dagskrá:

- | | |
|---|---|
| <p>13:15 Ráðstefna sett
Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor HR.</p> <p>13:20 Um sólarorku og sólarhlöð
Dr. Halldór G. Svavarsson, dósent við tækni- og verkfræðideild HR.</p> <p>13:40 Framleiðsluferli á kísiljárn
Dr. Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar HR.</p> <p>14:00 Ný hreinsunarferli á sólarkísil
Alain Turenne, tæknilegur framkvæmdastjóri Silicor Materials Inc.</p> <p>14:20 Kaffihlé</p> <p>14:40 Framleiðsla á sólarkísil á Íslandi
Clemens Hofbauer, rekstrarstjóri Silicor Materials Inc.</p> | <p>15:00 Kísiljárn og sólarcellur
Dr. Lars Arnberg, prófessor við NTNU, Norwegian University of Science and Technology.</p> <p>15:20 Um umhverfisáhrif og starfsleyfi
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, verkefnastjóri hjá Umhverfisstofnun.</p> <p>15:40 Mikilvægi menntunar á sviði orkumála fyrir Ísland
Halla Hrund Logadóttir, framkvæmdastjóri Iceland School of Energy við HR</p> <p>15:50 Pallborðsumræður
Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, Guðni Jóhannesson, orkumálastjóri, Teresa Jester, CEO hjá Silicor Materials, Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar HR, Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.</p> <p>16:20 Ráðstefnulok</p> |
|---|---|

Allir velkomnir. Vinsamlega skráið þátttöku á hr.is/kisill



Háskólinn í Reykjavík fagnar því í ár að 50 ár eru liðin frá stofnun Tækniháskóla Íslands sem sameinaður var HR árið 2005. Hluti af hátíðarhöldunum er opin fyrirlestraröð í HR þar sem fræðimenn fjalla um rannsóknir á kjarnasviðum háskólans: tækni, viðskiptum og lögum.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

HAUST 2014 SLÁTRUN



KJARNAFÆÐI

295 kr. kg.

Kjarnafæði Fersk lambalifur af nýslátruðu

NÝTT KORTATÍMABIL



HAUST 2014 SLÁTRUN



KJARNAFÆÐI

295 kr. kg.

Kjarnafæði Fersk lambahjörtu af nýslátruðu



KJARNAFÆÐI

HAUST 2014 SLÁTRUN

KF Frosinn hálfur lambskrokkur

1098 kr. kg.



HAUST 2014 SLÁTRUN

Kjarnafæði FERSKT LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR

859 kr. kg.

KJARNAFÆÐI

GOTT VERÐ Í BÓNUS AÐEINS 498 kr.kg



KJARNAFÆÐI

1185 kr. pokinn

Frosin ósoðin lifrapylsa 5 keppir 2,38 kg 1185 kr pokinn

HAUST 2014 SLÁTRUN



ISLANDS LAMB

Ferskur hálfur lambahryggur (lundarparturinn) af nýslátruðu

1898 kr. kg.



1098 kr. kg.

Grísaveislu Bajonne-skinka úr framparti



1098 kr. kg.

Bónus ferskar grísakótiletur

Holta-hjúklingur



639 kr. kg.

100 kr. VERÐLÆKKUN
Verð áður: 739 kr.kg

GOTT VERÐ Í BÓNUS 100 kr. lækkun Verð áður: 1695 kr.kg



1595 kr. kg.

Íslandsnaut: Ferskt ungnautahakk

GOTT VERÐ Í BÓNUS 400 kr. verðlækkun Verð áður 2798 kr.kg



2398 kr. kg.

Íslandsnaut: Ferskt ungnautagúllas

GOTT VERÐ Í BÓNUS 400 kr. verðlækkun Verð áður 2798 kr.kg



2398 kr. kg.

Íslandsnaut: Ferskt ungnautasnitel



659 kr. kg.

Bónus ferskur grísabógur

Myllu Heimilisbrauð



Heimilisbrauð 770g

249 kr. 770g.

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL





229
kr. kg.

Argentínskar appelsínur
ný uppskera

NÝTT
KORTATÍMABIL




298
kr. kg.

Ítölsk rauð epli ný uppskera



259
kr. kg.

Hollenskar Perur



GOTT VERÐ Í BÓNUS
USA steinalaus
vinber, ný uppskera

759
kr. kg.



259
kr. kg.

Nýjar íslenskar gulrófur



198
kr. kg.

Nýjar íslenskar kartöflur í lausu
Rauðar og Gullauga

GOTT VERÐ Í BÓNUS
200 kr. verðlækkun
Verð áður: 1198 kr.



C-vítamín 500mg 120 stk
998 kr.



398
kr 125g

Bónus Lambhagablenda



359
kr. 500g.

Akursel: Nýjar íslenskar lífrænar gulrætur

GOTT VERÐ Í BÓNUS
200 kr. verðlækkun
Verð áður: 1198 kr.



Magnesium plus
með B12, B6 og
fólínsýru

Magnesium 120 stk.
998 kr.



2995
kr. 30 skammtar




398
kr. kg.

Nýjir íslenskir tómatar

Myrkt ástarljóð til Íslands

Náðarstund eftir **Hönnuh Kent** fjallar um síðustu mánuðina í lífi Agnesar Magnúsdóttur, síðustu manneskju sem tekin var af lífi opinberlega á Íslandi. Hannah heyrði þá sögu fyrst norður í Skagafirði fyrir tólf árum og gat ekki gleymt henni.

Fríðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Gaman að hitta þig,“ segir Hannah Kent á skýrri íslensku þegar hún réttir mér höndina. „Fyrirgefðu hvað íslenskan mín er ryðguð, ég hef ekki verið dugleg að æfa mig.“ Hún er komin til Íslands í sjöunda sinn til að fylgja eftir útgáfu bókar sinnar *Burial Rites*, eða *Náðarstund eins og hún kallast á íslensku*. Hannah kom hér fyrst sautján ára gömul sem skiptinemi á vegum Rotary og dvaldi eitt ár á Sauðárkróki. Ástæða þess að hún valdi Ísland var einföld: hana langaði til að fá að sjá snjó í fyrsta sinn á ævinni.

„Ég setti þrjú lönd á umsóknina mína; Ísland, Svíþjóð og Sviss því ég var viss um að þar væri nóg af snjó. Í viðtalinu sem ég fór í áður en ákveðið var hvert ég færi var ég spurð hvernig mér litist á að fara á stað þar sem væri myrkur allan sólarhringinn og mér fannst það alveg æðisleg hugmynd! Þannig vildi það til að Ísland varð fyrir valinu.“

Pessi frá Ástralíu

Hannah viðurkennir að fyrstu mánuðirnir á Sauðárkróki hafi verið mjög erfiðir. „Aðallega vegna þess hvað allt var gjörólíkt því sem ég þekkti. Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór að heiman og ég fór frá Adelaide, þar sem búa rúmlega milljón manns, úr 40 gráðu hita beint í kulda og snjó í þessu litla þorpi á Íslandi. Það var dimmt og kalt og snjór yfir öllu og ég talaði auðvitað enga íslensku og skildi ekki menninguna. Það erfiðasta var samt að vera utanaðkomandi í svona litlu samfélagi, mér fannst ég ansi berskjölduð. Fyrstu vikuna sem ég var þar var ég að ganga í skólann einn morguninn þegar bíll hægði á sér við hljóðina á mér. Ég varð auðvitað skelkuð og fór að ganga hraðar en bíllinn fylgdi mér eftir og síðan voru rúðurnar skrúfaðar niður og ég heyrði þessar fjórar manneskjur sem voru í bílnum segja orð eins og „Ástralía“ og „Hannah“ og skildi að þau voru að tala um mig. Svo voru rúðurnar skrúfaðar upp og bíllinn keyrði áfram án þess að nokkur hefði sagt svo mikið sem „hæ“. Þannig voru þessar fyrstu vikur, ég var mjög einangruð en um leið afskaplega áberandi og umtöluð í bænum. Það var skritin reynsla.“

Eftir fjóra, fimm mánuði segist Hannah þó hafa verið orðin hluti af samfélaginu, enda farin að tala dálitla íslensku og taka þátt í félagsstarfi í bænum. Hún segir þessa reynslu af því að hafa verið utanaðkomandi en um leið á allra vörum sennilega hafa átt þátt í því hve sagan af Agnesi Magnúsdóttur hafði mikil áhrif á hana. „Ég gleymi því aldrei þegar ég heyrði þá sögu fyrst. Ég var í bíl með fyrstu fósturfjölskyldunni minni á leið til Reykjavíkur og á leið gegnum Vatnsdalinn spurði ég hvort þessir skritnu haugar væru þeir víkinga, ég hafði aldrei séð svona áður. Þau neituðu því auðvitað en bentu mér á Þrístapa og sögðu að þar hefði farið fram síðasta aftaka á Íslandi og að konan sem þar var tekin af lífi hefði heitið Agnes og verið vinnukona sem dæmd var fyrir að myrða húsbónda sinn og annan mann.“

Agnes var hvorki djöfull né engill

Hannah segist strax hafa fundið fyrir sterkum tengslum við Agnesi og ekki getað losað við þessa sögu úr hugarinu. Það var þó ekki fyrr en hún var í ritlistarnámi við háskóla í heimabæ sínum sem henni datt í hug að skrifa sína útgáfu af sögunni. „Ég var með heimþrá til



HANNAH KENT „Ég vildi að fólk myndi fyrir kuldanum, myrkrinu og einangruninni, sæi landslagið fyrir sér og myndi lyktina af sjónum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslands og notaði Agnesi til að komast aftur í tengsl við það.“ Hún lagðist í rannsóknir og las allt sem hún náði í um málið, bæði staðreyndir úr dómabókum, skáldskap og sögu-sagnir. „Það sem sló mig við lestur þessara gagna var hversu mjög allar umfjallanir einbeittu sér að Natani. Það var alltaf talað um hvað hann hefði verið mikill kvennaljómi og frábær læknir og maður fékk það á tilfinninguna að hann hefði verið stórfenglegur persónuleiki, en maður fékk enga tilfinningu fyrir því hvers konar manneskja Agnes hefði verið. Oftast var bara gengið út frá því að hún hefði verið ill að eðlisfari og ekki leitað neinna frekari skýringa á gjörðum hennar. Svo sá ég kvikmynd Egils Eðvarðssonar um Agnesi og þar fannst mér gengið alltof langt í hina áttina; hún var gerð að algjörum engli sem ekki gerði neitt rangt. Það fannst mér heldur ekki trúverðugt og mig langaði að kynna henni betur og skrifa bók þar sem hún væri hvorki djöfull né engill, heldur bara breysk manneskja með sína sögu og sinn persónuleika.“

Ég segi að mér finnst hún nú sjálf gera Agnesi að hálfgerðu fórnarlambi aðstæðna í *Náðarstund* en Hannah mótmælir því hástöfum. „Allar lýsingar á því sem í raun gerðist á Illugastöðum eru í bókinni frásögn Agnesar sjálfar. Og ég held ekki að hún sé neitt sérlega ábyggilegur frásagnaraðili í þessu máli. Auðvitað reynir hún að fegra sinn hlut þegar hún segir frá morðunum, myndu ekki allir gera það? Lesandinn þarf að lesa á milli línanna í frásögn hennar og mynda sér eigin skoðun.“

Hannah varði tveimur árum í rannsóknir á gögnum áður en hún byrjaði að skrifa söguna og kom á þeim tíma nokkrum sinnum til Íslands í gagnaleit. Hún segir það hafa verið mjög mikilvægt fyrir

sig að allar lýsingar á því hvernig fólk bjó og hvernig tíðarandinn var á þessum tíma væru eins réttar og hægt væri. „Eins og ég segi í eftirmála bókarnnar er þessi saga fyrst og fremst myrkt ástarljóð til Íslands. Ég vildi að fólk myndi fyrir kuldanum, myrkrinu og einangruninni, sæi landslagið fyrir sér og myndi lyktina af sjónum. Kannski tókst það ekki nógu vel hjá mér, ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er langt frá því að vera fullkomin bók, en ég vona samt að Íslendingar sem lesa bókina verði ekki pirraðir yfir því að slíkar lýsingar séu rangar. Það myndi ég taka mjög nærri mér.“

Fjarlægðin gefur skarpari sýn

Hvað sem Íslendingum kann að finnast um *Náðarstund* þarf Hannah ekki að kvarta yfir móttökunum annars staðar. Bókin kom út samtímis í Ástralíu, Bretlandi og Bandaríkjunum vorið 2013 og hefur nú verið þýdd á mörg tungumál. Búið er að selja kvikmyndaréttinn og Jennifer Lawrence hefur verið fengin til að leika Agnesi. Hingað kom Hannah frá Þýskalandi þar sem bókin var að koma út og héðan liggur leiðin beint til Spánar og síðan Ítalíu til að fylgja eftir útkomu bókarnnar í þeim löndum. Hannah segist sjálf vera undrandi á þessum móttökum, þótt hún sé bæði glöð og þakklát en frægð bókarnnar hafi svo sem ekki breytt lífi hennar neitt stórkostlega. „Stærsta breytingin er að ég er flutt frá Adelaide til Melbourne þar sem ég bý með kærustunni minni, hundinum okkar og ketti og, jú, auðvitað hefði ég ekki ferðast svona mikið ef bókin hefði ekki orðið svona vinsæl. Annars er ég mest bara heima að skrifa, eins og ég hef alltaf verið, það er gott að skrifa í Melbourne og mér líður vel þar.“

Bókin sem Hannah vinnur að

Úr Náðarstund

Þú, Agnes Magnúsdóttir, hefur verið sek fundin um vitorð í morði. Þú, Agnes Magnúsdóttir, hefur verið sek fundin um íkveikju og samsæri um morð. Þú, Agnes Magnúsdóttir, hefur verið dæmd til dauða. Þú, Agnes, Agnes.

Þeir þekkja mig ekki.

Ég þegi áfram. Ég er ráðin í að byrgja mig fyrir veröldinni, að stæla hjarta mitt og varðveita það sem enn er ekki búið að ræna frá mér. Ég má ekki láta nokkra ögn af mér smjúga út. Hver ég í raun er skal ég geyma hið innra, halda fast í allt sem ég hef heyrt og séð og skynjað. Ljóðin sem ég orti meðan ég þvoði og eldaði og sveiflaði ljá uns ég varð húðlaus á höndunum. Fornsógnarnar kann ég utan að. Nú yti ég öllu sem ég á eftir ofan í djúpið og færi sjálfa mig á kaf. Tali ég mun mál mitt líða frá mér eins og loftbólur. Menn skulu ekki fá að leggja hald á orð mín. Þeir munu sjá skækjuna, vitfirringinn, morðkvendið, konuna sem af drýpur blóð í grasið og hlær með munninn troðinn af mold. „Agnes“ munu þeir segja og sjá kóngulól, norn flækta í sjálfspunninn örlagavef. Þeir kunna að sjá lamb í hrafnageri sem jarmar á móður sína. En mig munu þeir ekki sjá. Ég verð ekki þarna.

SÍÐASTA AFTAKA Á ÍSLANDI

Síðasta aftaka á Íslandi fór fram í Vatnsdalshólum í Húnavatnssýslu 12. janúar 1830. Þá voru tekin af lífi Agnes Magnúsdóttir, vinnukona á Illugastöðum, og Fríðrik Sigurðsson, bóndasonur frá Katadal. Þau höfðu verið dæmd til dauða fyrir morð á tveimur mönnum aðfaranótt 14. mars 1828, þeim Natani Ketilssyni, bónda á Illugastöðum, og Pétri Jónssyni frá Geitaskarði.

Samkvæmt dómi í málinu töldust þau Fríðrik og Agnes hafa framið morðið ásamt Sigríði Guðmundsdóttur. Þau voru öll dæmd til dauða en Sigríður fékk náðun konungs af dauðarefsingunni, var í staðinn dæmd til að sæta ævilangri fangelsisvist og flutt til Kaupmannahafnar á Brimarlólum þar sem hún lést eftir nokkurra ára dvöl.

núna gerist á Írlandi á sama tíma og saga Agnesar og fjallar um barnsmorð sem hún rakst á heimildir um þegar hún vann rannsóknarvinnuna fyrir *Náðarstund*. Hvers vegna þykir henni betri að skrifa um atburði svona langt í burtu í tíma og rúmi? „Ég veit það eiginlega ekki. Ætli það sé ekki bara Agnesi að kenna. Mér datt aldrei í hug að ég yrði höfundur sem skrifaði sagnfræðilegar skáldsögur, en þessi saga frá Írlandi sótti bara svo á mig að ég fann að ég yrði að

„Við fengum nýlega mikilvæga rekstrarlega vottun frá Credit Info um að Útfararstofa kirkjugarðanna sé framúrskarandi fyrirtæki árið 2013. Aðeins eitt prósent íslenskra fyrirtækja fær árlega slíka vottun og er Útfararstofa kirkjugarðanna eina útfararstofa landsins sem hefur fengið þessa vottun. Við höfum líka mikinn áhuga á að ávinna okkur hina faglegu vottun, í formi viðhorfskönnunar presta og tónlistarfólks en einnig – og umfram allt – frá ástvinum sem við höfum þjónað. Við fáum mikið af jákvæðri tjáningu um það sem vel er gert en viljum jafnframt fá ábendingar um það sem betur má fara. Þannig þróum við og bætum starfsemi.“

Gefandi starf og gott umhverfi

Þegar Elin er spurð um ástæðu þess að hún réði sig til Útfararstofu kirkjugarðanna svarar hún því til að hún hafi komist að því

fyrir löngu að hana langaði að vinna fyrir kirkjugarðana.

„Það eru komin rétt 24 ár síðan faðir minn varð bráðkvaddur og þá kom ég í fyrsta sinn að kistulagningu. Við þá athöfn upplifði ég svo einstaka fegurð, fágun og helgi að ég varð snortin af því hve útfararferlið gæti verið fagurt. Ég hef hrifist af starfi og mannvirkjum í Fossvogskirkjugarði og fundið hve útfararþjónustan og fagmennska eru mikilvæg þegar fólk kveður ástvini í hinna sinn.“

Hún segir marga spyrja sig hvort ekki sé erfitt að mæta syrgjendum alla daga.

„Jú, það er vissulega erfitt en um leið gefandi. Ég bý á prestsheimili, þar sem dauðinn er oft nálægur, og því er mér eiginlegt að snerta líf syrgjenda. Við starfsmenn Útfararstofunnar fáum mikið þakklæti og jákvæða tjáningu um gæði þjónustu Útfararstofunnar og það hvetur okkur áfram.“

Verst að fá ekki að taka þátt í sorginni

Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur segir að almennt eigi að bjóða öllum börnum að fara í útfarir og kveðja þegar einhver nákominn deyr. Það geti verið erfitt fyrir þau að upplifa það seinna að þau hafi verið útilokuð frá ferlinu og séu þá lengur að vinna úr sorginni.

Það sem ég hef séð í gegnum starf mitt er að þau börn sem fá að taka virkan þátt í veikindum ástvina, andláti þeirra og jarðarför standa yfirleitt betur þegar frá líður,“ segir Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur. „Það er þeim mjög mikilvægt að fá að kveðja og að þau séu þátttakendur í ferlinu.“

Guðrún segir það ríkjandi hegðun hjá fullorðnu fólki að reyna að koma í veg fyrir að börn upplifi vondar tilfinningar. „Þegar hlífa á börnum við að upplifa jarðarför eða að fá að taka þátt í veikindum og andláti ástvina er verið að klippa börnin út úr eðlilegu samhengi lífs og dauða. Áður fyrr dó fólk bara heima hjá sér og líkið stóð uppi í stofunni, allir voru með í jarðarförinni og börnin voru hluti af því ferli. Nú gerist allt á spítala, í líkhúsi og útfararstofu og það er jafnvel verið að halda börnunum frá jarðarför. Þannig eru þau aðskilin frá þessu sorgar- og heilunarferli sem það er að kveðja ástvin. Með því að útiloka þau er verið að senda börnunum þau skilaboð að þau séu ekki nógu sterk eða að þeirra tilfinningar skipti ekki máli og koma í veg fyrir að þeirra sorgarferli gerist á eðlilegan hátt og með stuðningi og þátttöku þeirra nánustu.“

Flest börn vilja taka þátt

Það ætti ekki að neyða börn til þess að vera við jarðarför en samt sem áður ætti að ganga út frá þátttöku þeirra.

„Mér finnst að almennt eigi öll börn að vera við jarðarförir. Svo lengi sem útför er útskýrð fyrir börnum munu þau flest vilja taka þátt í henni. Það þarf þó að undirbúa þau áður og gera það vandlega,“ segir Guðrún. Hún bætir því við að það sé mikilvægt fyrir þau börn sem ekki taka þátt í útför, hvort sem það er val eða vegna ungs aldurs, að þau fái samt sem áður sína kveðjustund. „Mjög ung börn muna sjaldnast eftir jarðarför en þegar þau vaxa úr grasi er mikilvægt fyrir þau að vita að þau hafi fengið að kveðja á sinn hátt. Það er hægt að fá að hafa stund fyrir þá nánustu fyrir eða eftir kistulagningu, að hafa opna kistu þar sem barnið fær að leggja bangsa, ljósmynd af sér eða teikningu í kistuna. Þetta mættu öll börn eiga kost á að gera, ekki bara ung börn.“

Nauðsynlegt að útskýra allt

Áður en börn fara í kistulagningu og útför þarf að útskýra fyrir þeim hvernig þessar athafnir fara fram og á hverju þau geti átt von. „Þau þurfa að fá að vita hvernig þetta

verður, að í kistulagningu verði bara þeirra nánustu, að þau muni hitta þann sem er látinn en að líkami hans sé hættur að virka, hjartað hætt að slá og að hann sé kaldur viðkomu. Að það verði mikið grátid og að það sé allt í lagi.

Þegar farið er í jarðarför þarf líka að fara í gegnum ferlið, að athöfnin taki tíma, það verði margir og þau eigi að labba á eftir kistunni og að fólk segi „samhryggist“ og þá sé nóg að segja „takk“ og þá megi þau fara í burtu. Það er oft gott að einhver sem barnið þekkir og treystir sé til taks í athöfn eða erfisdrykkju og sinni barninu ef það þarf til dæmis að komast úr aðstæðum en þess nánustu eru uppteknir,“ segir Guðrún.

Hún nefnir einnig að mikilvægt sé að tala ekki undir rós við börn eða að ljúga að þeim. „Það ætti til dæmis ekki að segja við börn „nú er amma sofnuð“ eða „pabbi er farinn í ferðalag“ þá geta þau orðið hrædd við að gera þessa hluti. Það þarf að segja þeim satt og rétt frá, á þann hátt sem þau skilja og þola miðað við þroska. Ekki er heldur gott að hrósa börnum fyrir að vera „dugleg“ í sambandi við veikindi eða andlát. „Dugleg“-skilaboðin kenna að það megi ekki vera leiður og gráta.“



Guðrúnu Oddsdóttur sálfræðingi finnst að almennt ættu öll börn að vera við jarðarförir en að alls ekki eigi að neyða þau til þess.

MYND/ERNIR

Traust og persónuleg þjónusta

Kveðja, Útfararstofa Svafars & Hermanns, er persónuleg útfararstofa sem byggir á trausti og virðingu. Útfararstjórnarnir hafa áratuga reynslu af þjónustu við aðstandendur og sinna skyldum sínum af natni, hlýju, trúnaði og virðingu sem fráfall ástvinnar verðskuldar.

Við leggjum mikla áherslu á að öll þjónusta okkar sé á persónulegum nótum,“ segja þeir Hermann Jónasson og Svafar Magnússon hjá Kveðju, Útfararstofu Svafars og Hermanns. Ásamt þeim starfar hjá Kveðju Ingibjörg Halldórsdóttir sem nýlega gekk til liðs við stofuna.

„Fólk hittir okkur í aðdraganda útfararinnar og við sjáum einnig um útförina sjálfa. Fólk getur því gengið að því sem vísu að eiga í samskiptum við sama fólkid í gegnum allt ferlið,“ útskýrir Hermann.

Stofan sjálf er ekki gömul en innan hennar rúmast áratuga reynsla af útfararþjónustu. Svafar vann hjá Útfararstofu kirkjugarðanna í 17 ár en Hermann við útfararþjónustu á Siglufirði í 30 ár. „Þar er nálægðin mikil milli fólks og reynslan hefur sýnt mér að persónuleg þjónusta skiptir fólki miklu,“ segir Svafar.

Heiðarleiki og gagnsæi

„Hægt er að ná í okkur allan sólarhringinn. Við komum og sækjum hinn látna þangað sem hann lést, í heimahúsi eða á sjúkrahúsi. Eftir það hefst ferlið í samvinnu við aðstandendur og þá sem framkvæma útförina,“ lýsir Hermann og Svafar bætir við að Kveðja sé með aðstöðu til að taka á móti fólki til að ræða málin en þeir komi einnig heim til fólks ef þess sé óskað.



Svafar, Ingibjörg og Hermann hafa langa reynslu af útfararþjónustu.

MYND/ERNIR

„Við leggjum mikla áherslu á að öll atriði séu skýr áður en til athafnarinnar kemur og ekkert komi fólki á óvart, til dæmis hvað varðar kostnað. Við viljum vera heiðarlegir og gagnsærir,“ áréttar þeir.

Ýmsir möguleikar í boði

Hermann segir Íslendinga halda í hefðirnar þegar kemur að útför ástvina. Hlutirnir séu þó að breytast og hafa til að mynda bálfarir aukist. Ferlið sé það sama nema ekki sé farið í kirkjugarð eftir at-

höfn. „Margir halda að það sé skylda að fara í gegnum ákveðið staðlað form en það er alls ekki tilfellið. Við leggjum áherslu á að fólk hafi samband við okkur og leiti sér upplýsinga. Við sjáum um hvers konar útfarir og leggjum aðaláherslu á að allir séu samstiga.“

Hermann og Svafar benda einnig á að Kveðja bjóði kistur á breiðu verðbili og reynt sé að koma til móts við alla.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.kvedja.is.



Hægt er að ná í starfsmenn Kveðju allan sólarhringinn.

SVAFAR & HERMANN

Kveðja
útfararstofa

**Virðing,
reynsla
& þjónusta**

**Allan
sólarhringinn**

571 8222
Svafar:
820 3939
Hermann:
820 3938
Ingibjörg:
820 3937

WWW.KVEDJA.IS





398 kr.
STICKY TOFFEE OSTAKAKA
455 G



498 kr.
SÚKKULAÐIKAKA
450 G



498 kr.
TOPPAR
6 STK.

SYKUR-
OG
GLÚTENLAUS



198 kr. stk.
WHEYHEY PRÓTÍN ÍS
150 G



398 kr.
NÓA SÚKKULAÐIPOP
750 G



498 kr.
MAGNUM CLASSIC
3 STK.



88 kr.
TWIX MIX
37 G



238 kr. stk.
ROCKSTAR ORKUDRYKKUR
500 ML



698 kr. pk.
BLÁBER
125 G



398 kr. pk.
JARÐABER
250 G



298 kr. pk.
MALTESERS/CADBURY
SÚKKULAÐIDRYKKIR

5
FYRIR
4



398 kr. pk.
DEEP PAN
PIZZA



218 kr. stk.
SNÚÐUR



348 kr. pk.
STJÖRNUSNAKK
170 G



88 kr. stk.
RÚNSTYKKI
GRÓFT



258 kr.
HEILHVÍTBRAUÐ
ICELAND, 770 G



448 kr. pk.
HRÖKKBRAUÐ
10 STK.

ARNARBAKKA

ENGIHJALLA



...og allar hinar nauðsynjavörurnar



498 kr. stk.

DURRSJAMPÓ
BATISTE



2998 kr. stk.

BEAD HEAD
BATASJAMPÓ/HÄRNÆRING



2998 kr.

BEAD HEAD
SILKIKREM FYRIR HÄR

398 kr.

ARGAN OIL
HÄRMASKI



398 kr.

ARGAN OIL HAND-
OG STURTUSÄPA



298 kr. pk.

TEA TREE
SNYRTIVÖRUR



398 kr.

ARGAN OIL
ANDLITSPURRIKUR

398 kr.

ARGAN OIL
HANDKREM



398 kr.

ARGAN OIL
NÆTUR-SERUM



1898 kr.

RODALON SÖTTHEINSIR
1 L – INNANDYRA



1998 kr.

RODALON SÖTTHEINSIR
1 L – UTANDYRA



598 kr.

TANNSTÖNGLAR
PLAST, 50 STK.



1798 kr. stk.

1 L VATNSBRÚSI MEÐ
VATNSTELJARA OG SÍU

1298 kr. stk.

0,5 L VATNSBRÚSI MEÐ
VATNSTELJARA OG SÍU



1898 kr.

LÚSAKAMBUR
NITTY GRITTY



1398 kr.

RODALON SPREY 750 ML
EYÐIR BAKTERÍUM OG SVEPPUM



998 kr.

DVAGFÆRASÝKINGARPRÓF
3 STK.



598 kr.

DUNGUNARPRÓF



298 kr.

MARGNOTA
INNKAUPAPOKI



1298 kr.

LOOM BANDS
FÖNDURSETT



348 kr. pk.

LOOM BANDS TEYGJUR
12 Í PK.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



KVENLEGAR LÍNUR OG ÖGRANDI MUNSTUR

Sýning Jean Paul Gaultier fyrir Lindex í Gautaborg fyrr í mánuðinum var partí frá upphafi til enda. Frægar fyrirsetur á borð við Karen Elson, sem er andlit línunnar, og vinsælustu fyrirsetur Svía, þær Frida Gustavsson og Caroline Winberg, gengu tískupallana. Fatalínan er kvenleg með þröngum kjólum, pilsum og ögrandi korselettum. Hún samanstendur af fylgihlutum, nærfatnaði, kven- og stelpufatnaði. Innan um nærfatnaðinn eru þykkar þrjónapeysur og stórar yfirhafnir, hattar og treflar til að koma til móts við skandinavískar konur í vetrarkuldanum.



SALURINN



2014
2015



AF FINGRUM FRAM MEÐ JÖNI ÓLAFSSYNI

Jón Ólafsson tekur á móti okkar fremsta tónlistarfólki og laðar fram frábæra stemmningu eins og honum einum er lagið. Í fyrra seldist allt upp. Tryggið ykkur miða í tíma.

Stakir miðar 3.900 kr.
Þrennir tónleikar í áskrift
á aðeins 9.600 kr.

Miðasala í s. 5700 400.
www.salurinn.is

Páll Óskar
2. október kl. 20.30
– aukatónleikar
3. október kl. 20.30
– UPPSELT

Sigga Beinteins
24. október kl. 20.30

Bragi Valdimar Skúlason
7. nóvember kl. 20.30
– UPPSELT
8. nóvember kl. 20.30
– aukatónleikar

Sigríður Thorlacíus
21. nóvember kl. 20.30

Helgi Björnsson
30. janúar kl. 20.30

Ellen Kristjánsdóttir
13. febrúar kl. 20.30

Guðrún Gunnarsdóttir
6. mars kl. 20.30

Pálmi Gunnarsson
19. mars kl. 20.30

**LJÓÐ !
EINARS MÁS
Á ENSKU**

Safn fimmtíu valdra ljóða Einars Más Guðmundssonar er komið út á ensku í þýðingum ýmissa eðalþýðenda og nefnist bókin *On the Point of Eruption*.



Eintómar konur

Smásagnaverðlaun BBC verða veitt 30. september og tilnefndar sögur, fimm talsins, eru allar eftir konur. Er það í þriðja sinn á nfu árum sem það gerist. Saga **Zadie Smith** þykir sigurstrangleg en aðrir tilnefndir höfundar eru Lionel Shriver, Rose Tremain, Tessa Hadley og Francesca Rhydderch.



Furðusagnasmiðjur

Boðið verður upp á furðusagnasmiðjur með rithöfundinum og bókmenntafræðingnum **Emil Hjörvari Petersen** á Lestrarhátíð í Bókmenntaborg í október. Emil mun einnig halda þrjá opna fyrirlestra um furðusögur og geta áhugasamir því fræðst um ýmsa anga furðusögunnar.

Bókamessan í Gautaborg að hefjast

Íslensku rithöfundarnir Sjón, Yrsa Sigurðardóttir, Eiríkur Örn Norðdahl, Andri Snær Magnason og Lani Yamamoto koma fram á Bókamessunni í Gautaborg sem hefist í næstu viku. Bókamessan á stórafmæli um þessar mundir en þetta verður í 30. skiptið sem messan er haldin. Bókamessan er stærsta bókasýning Norðurlanda en hana sækja árlega um 100.000 gestir.

Meira verður við haft af Íslendinga hálfu á bókamessunni í Gautaborg í september 2015 því þar verða íslenskar bókmenntir og höfundar í brennidepli í sérstakri dagskrá messunnar sem kallast Raddir frá/Röster frá. Því verður hópi íslenskra rithöfunda boðið að taka þátt í dagskrá messunnar að ári.




VERÐLAUNABARNABÓKAHÖFUNDAR Lani Yamamoto og Andri Snær Magnason eru meðal þeirra íslensku höfunda sem koma fram á messunni.

Fantasía um eigin kynslóð

Kvíðasnillingarnir eftir Sverri Norland segir sögu þriggja vina frá æsku til fullorðinsára. Sverrir er þó alls ekki á því að flokka beri bókina sem strákabók eða líta á hana sem lýsingu á lífi ungra karlmanna í dag, það sé allt of mikil einföldun.

Friðrika Benónýsdóttir
fridikab@frettabladid.is



Það er alls ekki meiningin að reyna að lýsa hlutskipti ungra karlmanna, enda veit ég ekki hvort ég er til þess fallinn. Mér finnst það dálítið mikil einföldun að útgangspunkturinn sé viðhorf ungs karlmanns. Ég held að það hvernig fólk almennt hugsar sé að breytast, án þess að ég ætli mér að vera með einhverjar yfirlýsingar um hlutverk kynjanna,“ segir Sverrir Norland, spurður hvort hann sé að lýsa hlutskipti ungra karlmanna í samtímanum í skáldsögunni Kvíðasnillingar. „Þetta er miklu meira mín fantasía um mína kynslóð heldur en einhver raunsæ lýsing á lífi hennar.“

Kvíðasnillingarnir er fyrsta skáldsaga Sverris en hann hefur áður sent frá sér smásögur og ljóð auk þess að halda úti eigin vefsíðu, þar sem ný myndasaga birtist á hverjum degi, og hafa reynt fyrir sér sem tónlistarmaður. Þar sem aðalpersónurnar þrjár, vinirnir Steinar, Óskar og Herbert, eru myndasöguteiknari, tónlistarmaður og skáld liggur beint við að spyrja hvort þeir séu birtingarmyndir ólíkra hliða hans sjálfs. „Já, ætli það ekki bara,“ segir hann og hlær. „En þeir hafa auðvitað ýmsa drætti frá öðrum líka.“

Eitt af því sem vekur athygli við lestur bókarinnar er málfar persónanna, sem er ansi sérstakt. „Ég vil ekkert líkja eftir því hvernig fólk talar í raunveruleikanum,“ segir Sverrir. „Ég lét vinina tala miklu flottara mál þegar þeir eru strákar

heldur en þegar þeir eru fullorðnir og hugsunin á bak við það var að þegar þeir eru litlir vita þeir í rauninni ekkert hverjir þeir eru og herma bara eftir því sem þeim finnst flott. Þegar þeir eldast kemur í ljós að sérstaklega skáldið kann bara alls ekki að tala, það endurspeglar dálítið hver hann er og suma af minni kynslóð finnst mér.“

Í bókinni eru sterkar vísanir í það sem hefur gerst í íslensku samfélagi undanfarin ár en Sverrir segist hafa reynt að halda því í bakgrunni sögunnar. „Ég er ekki, allavega ekki enn, neitt að reyna að predika. Mér finnst það rýra skáldskapinn. Ég hef skrifað mjög mikið undanfarin ár og eiginlega skapað eigin heim, þótt það hafi ekki verið markmiðið. Það var kannski bara tilviljun að þessar persónur lentu í þessari bók en ekki einhverri annarri. Ég er með nokkrar aðrar sögur í vinnslu þar sem sumar persónurnar úr þessari koma fyrir.“

En hvernig myndi Sverrir skilgreina þema Kvíðasnillinganna? „Líklega mætti súmmera þema bókarinnar upp einhvern veginn svona: Langar okkur ekki öll að vera hamingjusöm, rækta hæfileika okkar, finna ástina, bæga burt kvíðanum og verða heilsteypar og vandaðar manneskjur? Ég held að bókinni fjalli að mestu leyti um slíka drauma og leitina að sama staði í tilverunni. Að verða ástfanginn af einhverjum sem fagnar manni eins og maður er og kennir manni að slappa af. Að kynnast því hvernig vinirnir geta svikið mann og hvað það er nauðsynlegt að fyrirgefa þeim og fatta um leið að það er allt í lagi að klúðra stundum málum og láta bara allt fara í steik, þannig er það einfaldlega að vera mennskur. Við erum flest, ef ekki öll, hálfgerðir kvíðasnillingar.“



SVERRIR NORLAND „Langar okkur ekki öll að vera hamingjusöm, rækta hæfileika okkar, finna ástina, bæga burt kvíðanum og verða heilsteypar og vandaðar manneskjur?“

Sterkari saman

Tvö lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr

Forðaplástur



Lyfjatyggigúmmi



eða

Innsogslyf



Hjá þeim sem finna fyrir aukinni reykingapörf getur skjótvirkt nikótínlyf, t.d. 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmi eða innsogslyf samtímis forðaplástrinum skilað árangri fyrr.

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notað við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarferkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Lyfjatyggigúmmi 24 stk., innsogslyf 12 tappar, forðaplástur 1 stk. Nota má forðaplásturinn einan og sér eða samtímis Nicorette lyfjatyggigúmmi eða innsogslyfi. Koma á forðaplástrinum fyrir á hárlausni, óskaddaðni húð og fjarlægja eftir u.p.b. 16 klst. Venjulega á að hætta meðferð með forðaplástri eftir 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhætta er að reykja. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólk tækist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. **Frábendingar:** Ofnærmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnaða. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaávarð:** Reykingafólk með nylengt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartáttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nyllega fengið heilabólfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal vanuðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nyllega farið í kransæðahjúfingaraðgerðir og aðrar æðaaðgerðir, eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldrakvæðing, krömfílaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugagnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu, exems- eða ofnærmihöðbölgu (forðaplástur) eða langvarandi sjúkdóma í koki eða berkjusjúkdóma (innsogslyf). Lyfjatyggigúmmi inniheldur butýlhýdroxytölen, sem getur valdið ertingu í slímhuð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktósaþöpl ekki nota það. Lyfjatyggigúmmi getur fest við gevitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Forðaplástrinum getur valdið ertingu í húð og snerthöfnæmi. Hætta skal notkun eða viðvarandi staðbundin viðbrögð á notkunarsíðu koma fram. Ef snerthöðölga kemur fram geta mikil húðviðbrögð komið fram við notkun annarra nikótínlyfja eða reykingar. Forðast skal snertingu við augu og net. **Adgát í nevíst barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunarferkennum og verið banvænnir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgu og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nyburans. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmyking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. IS/NIC-C/2014-08/2






ORMHASSEL teppi
B120xL180cm. Grátt
3.490,-



RUGGIG kubbakerti. Ø8, H4cm
Appelsínugult **790,-/3 í pk.**



SINNLIG ilmsprittkerti
Ø5,9cm. Ólitað
Einnig til í fleiri litum



STOCKHOLM púðaver
B50xL50cm. Marglitt
1.490,-
Innri púði seldur sér.

Gefðu heimilinu huggulegt haust

Nú þegar dagarnir eru farnir að stytast og hitastigið fer lækkandi, beinist athyglin aftur inn á við og að notalegum samverustundum innan veggja heimilisins. Haustlitir í mjúkri vefnaðarvöru og ljómandi kertaljósum skapa réttu stemninguna til að hafa það huggulegt með sínum nánustu.



345,-/4 í pk.

HEMSJÖ kubbakerti
Ø6, H8cm. Ólitað



350,-

SINNLIG ilmkerti í glasi. H7,5cm. Appelsínugult
Einnig til í fleiri litum



BORRBY lukt fyrir kubbakerti
B15xL15, H28cm. Hvítt **1.450,-**



TRÁDTÁG púðaver
B50xL50cm. Drappað **990,-/stk.**
Innri púðar seldir sér



GURLI púðaver
B50xL50cm. Ýmsir litir **790,-/stk.**
Innri púðar seldir sér



OFELIA teppi
B130xL170cm. Hvítt **4.950,-**



SINNLIG ilmsprittkerti. Ø3,8cm
Appelsínugult **590,-/30 í pk.**
Einnig til í fleiri litum



NEGLINGE kertastjakar
H5cm. Glært gler **85,-/stk.**



BRÄCKA ilmkerti í glasi. H5,5cm. Drappað
650,-/3 í setti



FLEST sprittkertastjakar Ø7,
H8cm. Glært gler **190,-/stk.**




HENRIKA púðaver. B50xL50cm
Appelsínugult **1.250,-/stk.**
Innri púðar seldir sér. Einnig til í fleiri litum



VEITINGASTAÐURINN

TILBOÐ: Lambskanki með kartöflumús, sósu og sultu
Til að njóta á staðnum ~~1.195,-~~

995,-



Aðeins á matseðli í september

Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



ÓGEÐSVERK Á EYÐIEYJU

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson heldur áfram að segja sögu um hollenska austurindíafarið Batavíu. Af þeirri sögu má draga ýmsa lærdóma – og flesta ófagra.



Fyrir viku síðan hóf ég að segja á þessum vettvangi hina undarlegu sögu um hollenska Austur-Indíafarið Batavíu, en sagan snýst reyndar fyrst og fremst um það sem gerðist eftir að skipið fórst í júní 1629. Og þar lauk einmitt frásögninni fyrir viku að skipið var að liðast í sundur á strandstað sínum við smáeyju um 80 kílómetra undan ströndum Ástralíu. Skipstjórinn Ariaen Jacobsz og leiðangursstjórinn Francisco Pelsaert sigldu strax á brott á stærsta og best búna björgunarbáti Batavíu og hugðust reyna að finna vatn og vistir á strönd Ástralíu en ef það tækist ekki, þá freista þess að sigla alla leiðina til eyjarinnar Jövu, þar sem voru aðalþæktistöðvar Hollendinga, í borg sem hét einmitt líka Batavía en er nú Djakarta, höfuðborg Indónesíu. Það var hins vegar langa leið að fara og um að mestu ókannað hafsvæði svo þeir tæplega 200 skipverjar og farþegar sem eftir urðu á eyjunni gátu ekki gert sér neinar sérstakar vonir um að þeim yrði bjargað á næstunni.

Í raun var um nokkrar lágur smáeyjar að ræða og fremur grunn sund voru milli þeirra. Mikið var af fugli á eyjunum og skipbrotsmenn höfðu bjargað þó nokkrum matarbirgðum úr skipsflakinu, svo hungur vofði ekki yfir þeim fyrstu vikurnar, en

hins vegar fundust í fyrstu engar vatns-upsprettur svo ljóst var að þorstinn yrði erfiður. Ungur kaupmaður að nafni Jeronimus Cornelisz hafði verið aðstoðarmaður Pelsaert leiðangursstjóra og hann tók sér því vald yfir skipbrotsmönnum. Eitt af fyrstu verkum hans var að senda hóp dugmikilla hermanna, sem höfðu verið um borð í Batavíu, yfir á nálæga eyju til að leita að vatni. Voru þeir fluttir þangað á lítilli skektu undir forystu Wiebbe nokkurs Hayes.

Furðulegt og ógnarlegt tímabil

En það bjó ýmislegt undir þeirri sendiferð af hálfu Cornelisz. Í huga kaupmannsins unga bjó hið ægilega smit valdasýkinnar og hann hafði gert sér grein fyrir að Hayes væri svo röskur maður að ef hann yrði um kyrrt á aðaleyjinni myndi hann verða Cornelisz hættulegur keppinautur um „völdin“ í samfélagi skipbrotsmannanna. Og þótt þeir hýrdust þarna við hörmulegar aðstæður lengst úti í ballarhafi og langlíklegast að allir myndu deyja úr vösbúð og þorsta áður en lyki, þá var baráttan um völdin Cornelisz samt efst í huga. En fleira kom líka til. Eins og ég sagði stuttlega frá fyrir viku, þá höfðu Jacobsz skipstjóri og Cornelisz haft í undirbúningi uppreisn gegn Pelsaert og höfðu þeir ætlað að taka yfir skipið og leggja síðan í sjórán. Sú uppreisn var í þann veginn að brjótast út þegar Batavía strandaði, og Pelsaert áttaði sig áreiðanlega á því hvað í vændum var, þótt hann vissi reyndar ekki af hlutdeild skipstjórans. Cornelisz hlaut hins vegar að ganga út frá því að ef leiðangursstjórinn kæmist lifandi til byggða myndi Jacobsz benda á sig sem vitorðsmann og hann þyrfti ekki að kempa hærunar. Sama yrði upp á teningnum ef Wiebbe Hayes tæki völdin á eyjunni. Hann myndi þá komast að því fyrr eða síðar að Cornelisz hefði ætlað að gera uppreisn og segja frá öllu saman ef þeim yrði einhvern tíma bjargað. Þess vegna voru Hayes og hinir hermennirnir sendir burt; Cornelisz ætlaðist til þess að þeir dræpast úr þorsta á eyjunni sem þeir voru sendir til.

Eftir að þeir voru farnir hófst furðulegt og ógnarlegt tímabil á aðaleyjinni. Cornelisz gerðist einræðisherra yfir skipbrotsmönnum og naut aðstoðar þeirra skip-



HELVÍTI Á JÖRÐ Hollensk trérista sem á að sýna villimennskuna á eyðieyjunni þar sem Batavía strandaði.

verja af Batavíu sem höfðu ætlað að taka þátt í uppreisninni með honum. Þeir höfðu ráð annarra skipbrotsmanna í hendi sér af því þeir höfðu undir höndum þau vopn sem Wiebbe Hayes og hermenn hans höfðu verið taldir á að skilja eftir þegar þeir héldu brott. Skemmst er frá því að segja að á örfáum vikum varð lífið á eyjunni að hreinu helvíti fyrir alla aðra en Cornelisz og hyski hans. Þegar matarbirgðir fóru minnkandi fóru þeir félagar að myrða aðra skipbrotsmenn svo þeir hefðu örugglega sjálfir nóg að bíta og brenna, fyrst voru morðin framin í laumi en svo var farið að drepa fólk fyrir allra augum. Og ekki einungis í því skyni að spara matarbirgðir, heldur gat fólk átt á hættu að vera drepið út af hvaða tylliástæðu sem var – eða hreinlega af því Cornelisz og menn hans voru í vondu skapi. Og þeir þyrmdu engum. Það höfðu þó nokkur börn verið meðal farþega á Batavíu og þau voru drepin alveg jafnt og fullorðnir. Reynar var konum þyrmt en það var aðeins vegna þess að þær voru hneptar í kynlífsþrældóm fyrir Cornelisz og menn hans. Ein þeirra, hin fagra Lucretía, sem hafði verið svívirnt svo illa um borð í Batavíu sem átti að „hrista saman“ hóp uppreisnarmanna, hún var þó frátekin fyrir Cornelisz einan. Og Cornelisz fór brátt að skipuleggja að láta krýna sig til konungs yfir eyjunni.

Valdapot og kúgun

Þetta hljómar allt svo fáránlega að lesendum fyrirgefist þótt þeir skelli upp úr yfir vitleysunni – að standa í svo grimmilegu valdapot og kúgun yfir aðframkomnum skipbrotsmönnum á eyðieyju. En þetta var ekkert fyndið. Það sem Cornelisz og menn tóku upp á var margt svo víðurstyggilegt að engin leið er að segja frá því í virðulegu blaði eins og Fréttablaðinu. Á tveim mánu-

SÖGUSVIÐIÐ



um drápu þeir um 120 manns. Mörgum tókst að flýja yfir á litlu eyjuna þar sem hinn knái Wiebbe Hayes og dátar hans höfðu reyndar fundið vatn og stýrðu þaðan andstöðu gegn kúgunarstjórn Cornelisz. Tveimur mánuðum eftir strandið kom Pelsaert hins vegar siglandi öllum að óvörum, hann hafði náð alla leið til Batavíu á Jövu og fékk þar skip til að fara og bjarga skipbrotsmönnum. Og nú fengu Cornelisz og menn hans vissulega makleg málágjöld og flestir teknir af lífi. Það voru til dæmis höggvar af honum hendurnar með hamri og meitli og hann svo hengdur. Jacobsz var pyntaður grimmi-lega en játaði enga aðild að hinni fyrirhuguðu uppreisn og ekki er ljóst hvað af honum varð. Lucretía var ákærð fyrir að hafa tekið þátt í grimmdarverkum, þar á meðal morðum, meðan hún var tilneydd fylgiskona Cornelisz en virðist hafa verið sýknuð. Pelsaert slapp ekki heldur. Hann var sakaður um lélega stjórnað leiðangrinum og bæri því vissa sök á því hvernig fór. Hann var dæmdur frá eignum sínum og dó ári seinna, niðurbrotinn maður.

Grimmdarmennska

En verst af öllu var orðspor mannsins leikið með þessu. Verst af öllu var nefnilega ekki Cornelisz sjálfur, hans líkar leynast víða í mannkynssögunni, bæði stórir og smáir, heldur er dapurlegast að horfast í augu við að menn hans skyldu leiðast svo skjótt og örugglega út í að taka þátt í morðum, nauðgunum og grimmdarverkum – bara af því þeir höfðu tækifæri til og hann atti þeim áfram. Þeir voru áreiðanlega upp til hópa engu meiri illmenni eða samviskulausari en fólk er flest, en allir létu sig hafa það að taka þátt í þessum ógeðsverkum. Það sem þarna gerðist var í rauninni nákvæmlega það sama og gerðist til dæmis í Þýskalandi á tímum nasista, þótt í smærri stíl væri: meira og minna venjulegir menn fóru á skelfilega skömmum tíma að líta á það sem eðlilegan og sjálfsagðan hlut að murka lífið úr samborgurum sínum og svívirða þá á alla lund, bara af því þeir gátu það. Og af því yfirvöldin – annars vegar nasistastjórnin, hins vegar Cornelisz – brutu markvisst og vísvitandi niður alla þá viðteknu samfélags- og siðferðismúra sem ansi margir þurfa greinilega á að halda til að missa sig ekki út í einhverja grimmdarmennsku. En haldi nú einhver að góðan guð hafi vantað á eyjuna og því hafi allt leiðst út í þessar hörmungar, þá er það misskilningur – Jeronimus Cornelisz var einmitt sérlega trúður maður, hann kunni Biblíuvers í bak og fyrir og var jafn sannfærður um það og hver kristinn maður annar að hann gengi á miðjum guðs vegum.

Harðjaxlar í eldhúsið



Hakkavélin frá Sirman er alvöru tæki sem afkastar 25kg/10mín. Úrbeiningahnífarnir frá Granton eru heldur ekkert lamb að leika sér við.



Veit á vandaða lausn



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Góðir gestir og sígild meistaraverk



Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

[f](#) [i](#) [t](#) @icelandsymphony #sinfo14

JÓNSSON & LEIWMACKS • J.L.L. • SÍA

Eva og Mahler

Fim. 25. sept. » 19:30

Fiðluleikarinn Eva Þórarinsdóttir leikur nú í fyrsta sinn einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eva fluttist tólf ára til Lundúna og hefur á undanförnum árum vakið verðskuldaða athygli fyrir leik sinn. Auk hins vinsæla fiðlukonserts Bruchs hljómar fimmta sínfónía Mahlers á tónleikunum, ein glæsilegasta sínfónía sögunnar.

Max Bruch *Fiðlukonsert nr. 1*
Gustav Mahler *Sínfónía nr. 5*

Lionel Bringuier hljómsveitarstjóri
Eva Þórarinsdóttir einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Kissin og Ashkenazy

Mið. 1. okt. » 19:30

Fim. 2. okt. » 19:30

Evgeny Kissin er tvímælalaust einn mesti píanóleikari samtímans og hefur um áratuga skeið verið fastagestur í öllum helstu tónleikasölum heims. Vladimir Ashkenazy og Kissin hafa lengi unnið saman en tónleikar undir stjórn Ashkenazy eru ávallt stórviðburður í íslensku tónlistarlífi.

Johannes Brahms *Sínfónía nr. 3*
Sergej Rakhmaninov *Píanókonsert nr. 2*

Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri
Evgeny Kissin einleikari

Ástarsaga úr fjöllum

Lau. 4. okt. » 14:00

Í Ástarsögu úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur eru dregnar upp litríkar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi og tregafullum heimi tröllanna. Egill Ólafsson situr við sögusteininn undir kraftmiklum myndum Brians Pilkington. Tröllslega skemmtilegir fjölskyldutónleikar, stútfullir af ást.

Tryggðu þér áskrift að Litla tónsprotanum.

Guðni Franzson hljómsveitarstjóri og tónskáld
Egill Ólafsson sögumaður

Konráð og félagar á ferð og flugi 114

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Hvað skyldi þetta nú vera,“ sagði Konráð og tók upp pappírsglað með tölustöfum og undarlegum táknum sem hann sá liggja á jörðinni.

„Mér sýnist þetta vera stærðfræðipraut,“ sagði Lísaloppa. „En þessi þarna þrjú táknu eru ekki tölustafir svo það getur nú varla verið,“ sagði Konráð.

„Það er nú einmitt þrautin,“ sagði Lísaloppa. „Að finna út fyrir hvaða tölustafi þessi þrjú táknu standa, svo þessi fjögur dæmi gangi upp,“ bætti hún við.

Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi tákni þrjú standa, svo dæmin gangi upp?

$8 + @ - 4 = 7$	$@$ <input type="checkbox"/>
$* - 1 + @ = 7$	$*$ <input type="checkbox"/>
$6 + * - 4 = 7$	Σ <input type="checkbox"/>
$\Sigma - * + @ = 7$	Σ <input type="checkbox"/>



Flöskustútur

Það sem þarf til er ein tóm hálf lítra gosflaska.

Allir sitja í hring á gólfinu nema einn sem er inni í hringnum. Hann snýr nú flöskunni og segir: „Sá sem flöskustútur lendir á á að syngja „Gamla Nóa“. Svo snýr hann flöskunni og sá sem flöskustúturinn lendir á verður þá að syngja lagið. Þegar hann er búinn að því fer hann inn í hringinn og endurtekur leikinn. Auðvitað getur sá sem er inni í hringnum fundið upp á hverju sem er til að láta hinn gera. En þið verðið bara að muna að það verður að vera eitthvað sem allir geta gert.



TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Myndin



Hrafnhildur Klara 6 ára

teiknaði þessa fallegu mynd og sendi Fréttablaðinu.



FÓTBOLTA-STJARNNA Andri Fannar kveðst aldrei hafa skotið boltanum í ljósin heima hjá sér en örugglega brotið eitthvað annað!
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslandsmeistari í fót- bolta fjórum sinnum

Andri Fannar Baldursson er tólf ára strákur í Kópavogi með óbilandi áhuga á fótbolta. Hann varð nýlega Íslandsmeistari í fjórða skipti með sínum flokki.

Hvenær byrjaðir þú í fótbolta? „Ég byrjaði að æfa fimm ára í 8. flokki.“

Í hvaða íþróttafélagi ertu og í hvaða flokki ertu núna? „Ég er í Breiðabliki og á að vera í 5. flokki miðað við aldur en æfi og keppi með 4. flokki, hinir strákarnir þar eru 13 og 14 ára.“

Hversu oft hefur þú orðið Íslandsmeistari með þínum flokkum og hvenær? „Ég hef orðið Íslandsmeistari fjórum sinnum. Fyrst með 6. flokki A 2011, með 5. flokki A 2012 með 5. flokki A 2013 og svo núna með 4. flokki A 2014.“

Hefurðu spilað fótbolta víða um landið? „Já, ég hef farið á mjög marga staði víða um landið að keppa. Það var rosalega gaman á Shell-mótinu í Vestmannaeyjum. Þar fórum við í alls konar ferðir og ég var valinn til að spila með landsliðinu. Það var líka rosalega gaman í sumar að fá að spila á aðalvelli hjá Þór á Akureyri. Ég hef til dæmis aldrei fengið að spila á Kópavogsvelli.“

Hvað æfir þú oft í viku með félaginu? „Fjórum sinnum.“

Hefurðu gott svæði til að leika þér á nálægt heimilinu þínu? „Já, í Kópavogi eru mörg mjög góð svæði til að æfa sig á í fótbolta. Ég er með fótboltavöll beint fyrir framan húsið mitt í Sala-hverfi og svo er líka sparkvöllur við skólann.“

Hvað ertu búinn að skjóta niður margar ljósakrónur heima hjá þér?! „Ha, ha, ég hef verið svo heppinn að hafa aldrei hitt í ljósin en hef nú örugglega brotið eitthvað annað.“

Ertu alltaf með boltann á tánum eða áttu fleiri áhugamál? „Að spila fótbolta er það skemmtilegasta sem ég geri en mér finnst líka fínt að fara í golf, á motorcross-hjól og á fimleikaæfingu með Eyþóri Erni bróður mínum.“

Hvert er þitt átrúnaðargoð í boltanum? „Ég held upp á marga eins og Ronaldinho, Iniesta, Ronaldo, Messi, Xavi og Di Maria. Svo held ég líka upp á íslenska leikmenn eins og Gylfa Sig, Kolbein Sigþórs og Alfreð Finnboga.“

Meða hvaða erlenda liði heldurðu? „Manchester United og Barcelona eru mín lið, en mér finnst líka mjög gaman að fylgjast með Dortmund og Real Madrid.“

Í hvaða skóla ertu og og hver er eftirlætisnámsgreinin þín? „Ég er í Salaskóla og mér finnst skemmtilegast í íþróttum og svo er stundum gaman í stærðfræði.“

Hlustarðu á tónlist? „Já, ég hlusta mjög mikið á tónlist, en það er enginn einn tónlistarmaður eða -kona sem er uppáhalds.“

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? „Atvinnumaður í fótbolta, ekki spurning.“

Vnr. 80602509
GJØCOPROFF
innimálning, 9 l.

5.995 kr.



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.

995 kr.



Vnr. 83614821
NORDSJÓ
mediumspartl, 0,5 l.

895 kr.



**NÝTT BYKO BLAÐ
ER KOMIÐ ÚT**

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 55092221
Calluna
nokkrar litir.

395 kr.

Vnr. 55092224
Erika rosa.

395 kr.

HAUSTLAUKARNIR KOMNIR

Fást í BYKO Breidd, Akureyri, Granda og Selfossi

Haustraukar.
Verð frá:

395 kr.



www.verdus.is / VERT markaðsstaða

Grænland BYKO BREIDD



facebook.com/BYKO.is

netto

Kræsingar & kostakjör

Nýtt kortatímabil

VERÐ-SPRENGJA!



LAMBAHRYGGUR
HEILL EÐA HÁLFUR FROSINN
VERÐ ÁÐUR 2.332,-

-40%

1.399 KR/KG



LAMBALÆRI
FESKT/NÝSLÁTRÆÐ
KÍLÓVERÐ

1.498,-



LAMBAFÍLE
FERSKT M/FITURÖND
KÍLÓVERÐ

VERÐ ÁÐUR 4.595,-

3.998,-



SLÁTUR

3 STK FROSIN
OG PÖKKUÐ
+ 12 GERVIVAMBIR

4.989 KR/PK



NÝSLÁTRÆÐ - PAKKI 2
KÍLÓVERÐ

698,-

Lambakassi

GOÐI

Lambabógur, lambasvið, lifrarpylsa og blóðmör.

Kassinn inniheldur:

- 2 stk. lambasvið (2,4kg)
- 1 stk. lambabógur (1,5kg)
- 2 stk. lifrarpylsa (0,93kg)
- 2 stk. blóðmör (0,93kg)

*Þyngdir á hverri einingu eru viðmiðunarþyngdir.

Innihald og næringargildi í 100g.

Lifrarpylsa: Lambalífur (35%), lambamör, vatn, rúgmjöl, haframjöl, undanrennuþvottur, salt.

Orka 1293kJ/311kcal. Fita 23g, þ.a. mett. f.s. 11g, kolvetni 16g, þ.a. sykurl. 1g, prótein 10g, salt 1,3g.

Blóðmör: Lambablóð, lambamör, rúgmjöl, hafralögur, salt.

Orka 1282kJ/309kcal. Fita 31g, þ.a. mett. f.s. 16g, kolvetni 15g, þ.a. sykurl. 0,2g, prótein 8g, salt 1,3g.



GOÐI

Tilboðin gilda 18. - 21. sept 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**10%
AFSLATTUR
AF MS
SMUROSTUM
OG ENGJA-
BYKKNI**



-30%

SVÍNASITSEL
FERSKT Í RASPI
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.994,-

1.396,-

-40%

GRÍSAHAKK
STJÖRNUGRÍS
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-

779,-

NAUTAMJADMASTEIK
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

1.998,-

-45%

HUMAR 1 KG
SKELBRÖT
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.989,-

2.194,-

-30%

KJÚKLINGALEGGIR
MAGNPAKNING MEXIKÓ
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 998,-

699,-

-50%

MELÓNA
GRÆN
KÍLOVERÐ
VERÐ ÁÐUR 198,-

99,-

-25%

BO CIABATTA
TÓMAT OG HVÍTLAUKS
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 398,-

299,-

BO JÓGÚRTBRAUÐ
550 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 498,-

398,-

www.netto.is

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Dóm gráta vör og heimta pottþétt fæduframboð (13)
- Kvabba þá drepsóttir en nær enginn heyrir (8)
- Ófgamaðurinn vill að byrjendur kynni sér stælt (11)
- Dauði er endanlegur segja menn sem ekki fleipra (10)
- Hér segir af grípandi slöngu í eyra sem ekki sleppir (9)
- Heilsuáðgerð markar formlegan viðskilnað (12)
- Flakar afa og annan feng í ruglinu (9)
- Sá sem alltaf er óhræddur verður aldrei hlýr (7)
- Vildi að þeir létu mig um þetta skrimslu (4)
- Mælieining 1 fyrir járnsteinana (5)
- Spreða gulli í landsuður (4)
- Grip bunur á brókinni (7)
- Mannlausar götur og ein þeirra í Norðurmýrinni (11)
- Fýlubrögð og fíflalæti (12)
- Vil að fær færi þetta í tal kveður sá hraðkveði (9)
- Tjútt togandi karfa gefur vísbendingu um stofnstærðina (10)
- Hefurðu nartað suður í sorpgryfju og rótað í henni? (11)
- Fundaherbergi hvar rætt er um kynfæri og opinber apparöt? (10)
- Beygjum okkur undir fýsn út af ákveðnum hvötum (10)
- Hér afhjúpa þær eigin sár, sjálfrenniræiðarnar atarna (14)
- Rangur háttur á uppstillingu tákna, held ég (6)
- Tel blíðuraustina færa mér unaðsfríð fyrir makann (11)

LÓÐRÉTT

- Líkkistan og sú sem í hana fer um síðir (10)
- Rónarnir ruglast og hækka róminn ef þeir fá te fyrst (10)
- Skjáta mun skjögra og svanni með eftir slíkt sprell (10)
- Hér segir af skáldskap og fyrningum fjár (10)
- Losa sig við bræðina milli æða (10)
- Krakkur passar göng og véllina líka (10)
- Er tiskukornið kínóa illgresi indjana? (10)
- Stigur fari í röðina þar sem hún sprakk (10)
- Megrunarkúr og átveisla fer ágætlega saman (8)
- Hárfinn en horaður mjög (9)
- Óskufullir og sallafínir (11)
- Ódal feðranna orsakar uppnám í fjölskyldunni (8)
- Tófupungur fer leynt (8)
- Eftir mikið suð fór hann með fleipur um flottan pott (8)
- Handleggsljóð hrekkur skammt er eynd sækir að (7)
- Flanir þú um fjórðung berast kærur (11)
- Um ávörp og ávitur (7)
- Hinn ríki höfðingi heiðingianna var nú meira fúlmennið (9)
- Nemi ræður við leyfi meðan á þeim stendur (10)
- Móeiður lendir í uppbotum (7)
- Myljum og misbjóðum (6)
- Proskapjálfafélag Íslands breytti hillinum (5)
- Einum kennt og öðrum bent/illa tennt er holdið brennt/að finna næsta rímorð hef ég ekki haft mig í (5)
- Það hefur áhrif þegar ég væli (4)
- Mátt benda í allar áttir nema þessa: Landnorður (4)
- Inn með þetta ruglaða naut (4)




Lausnarorð síðustu viku var SKAFTÁRELDAR



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni *Lífið að leysa* eftir Alice Munro frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Arthur Bogason**, Reykjavík.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikilvægur menningarviðburður. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „20. september“.

Bridge gerir lífið skemmtilegra

Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land – upplýsingar á bridge.is



Landslið Íslands hefur náð langt í alþjóðlegum mótum, við erum núverandi Norðurlandameistarar.

Ungir sem aldnrir spila bridge.



Árlegt alþjóðlegt stórmót

Icelandair Reykjavík

Bridgefestival fer fram dagana

29. janúar-1. febrúar 2015,

skráning á bridge@bridge.is

Eldri borgarar spila alla mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 13.00-17.00 í Síðumúla 37. Félög eldri borgara standa fyrir spilamennsku nær alla daga vikunnar.

Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla, og einnig forgefnið spil. Guðmundur Páll Arnarson starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

Námskeið í Bridgeskólanum hejast 22. september n.k. Upplýsingar hjá Guðmundi Páli í síma 898 5427 eða á gpa@talnet.is.

PFAFF

Ljósadagar í Pfaff

Ótrúleg afmælistilboð á völdum ljósum – öll önnur ljós með 25% afslætti

Tilboðin gilda til og með 30. september 2014

ENNEMM / NM63978



Nánari upplýsingar: pfaff@pfaff.is

PFAFF **85** **ÁRA**



Loftljós: 36.900 kr.
Tilboð: 25.000 kr.



Loftljós: 11.950 kr.
Tilboð: 8.000 kr.



Lesljós: 29.900 kr.
Tilboð: 18.000 kr.



Loftljós: 29.900 kr.
Tilboð: 19.900 kr.



Veggjós: 13.900 kr.
Tilboð: 8.000 kr.



Loftljós: 39.900 kr.
Tilboð: 24.900 kr.

Verslunin PFAFF býður upp á fjölbreytt úrval af inni- og útiljósum frá fjölda heimsþekktara framleiðenda. Starfsfólk veitir faglega og persónulega ráðgjöf sem sniðin er að óskum viðskiptavina.

+

Ástkær faðir minn,
tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN STEFÁN SIGURBJÖRNSSON
Viðilundi 24, Akureyri,

lést á Kristnesi 12. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 23. september klukkan 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Stefán Már Stefánsson **Lára Margrét Traustadóttir**
Marín Hallfríður Ragnarsdóttir
Bogi Rúnar Ragnarsson
Magnea Hrönn, Særún, Kári og Magnea.

Salbjörg J. Thorarensen
Jón Höskuldsson
Kolbeinn Friðriksson



+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og vináttu vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, sonar, föður, tengdafaður og afa,

FINNBOGA BREIÐFJÖRD
ÓLAFSSONAR
Bauganesi 15, Reykjavík.

Þórléif Drífa Jónsdóttir
Kristjana Jónsdóttir
Ólafur Br. Finnbogason
Sindri Már Finnbogason
Þórir Jökull Finnbogason
og barnabörn.

Dögg Hjaltalín
Íris Schweitz Einarsdóttir




Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Reynsla - Umhyggja - Traust

Elin Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Þorsteinn Elisson
útfararþjónusta

Frimann Andrússon
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
önnunast við alla þætti þjónustunnar

Með virðingu og umhyggju að leiðarfésti

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfarir.is

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA



Á GÓLFINU Helgi Helgason, Böðvar Ingvason, Sigurgeir, Valur Sigurgeirsson og Guðbrandur Torfi Thoroddsen.

MYND/AUÐUNN

Í eigu sömu ættar í öld

Vélsmiðja Steindórs á Akureyri fagnar aldarafmæli sínu í dag. Hún hefur ávallt verið í eigu sömu ættar og þar starfa nú þriðji, fjórði og fimmti ætliður frá stofnandanum.

„Við ætlum að vera með opið hús fyrir bæjarbúa og nærsveitamenn milli klukkan 11 og 15 í dag og leyfa fólki að sjá hvernig svona smiðja lítur út. Þetta er gott tilefni,“ segir Sigurgeir Steindórsson, framkvæmdastjóri Vélsmiðju Steindórs á Akureyri, um hátíðahöld í tilefni hundrað ára afmælis fyrirtækisins.

„Við notuðum tækifærið og þrifum aðeins í kringum okkur áður en við buðum fólki til okkar. Það var viss ávinningur,“ segir hann glaðlega og kveðst líka hafa viðað að sér veisluföngum, pylsum og tertum og einhverju til að skola því niður með.

